



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Ofbeldi í nánnum samböndum og fjölskyldum hinsegin fólks á Íslandi

Október, 2024



**HÍ**

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

## Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Markmið rannsóknar	Að kortleggja tíðni og birtingarmyndir ofbeldis í nánnum samböndum og á heimilum hinsegin fólks
Dagsetning skýrsluskila	Október 2024

## Frankvæmd

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2024
Skýrsluhöfundar	Guðný Gústafsdóttir Guðbjört Guðjónsdóttir Ævar Þórólfsson

## EFNISYFIRLIT

<b>TÖFLUYFIRLIT</b> .....	<b>4</b>
<b>MYNDAYFIRLIT</b> .....	<b>5</b>
<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>6</b>
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>10</b>
<b>SKILGREININGAR</b> .....	<b>12</b>
<b>ÁÐFERÐAÐFRÆÐILEG NÁLGUN OG ÖFLUN GAGNA</b> .....	<b>14</b>
MÆLITÆKI RANNSÓKNAR .....	14
GAGNAÖFLUN .....	15
SÍÐFRÆÐILEG NÁLGUN .....	16
TAKMARKANIR.....	17
<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>18</b>
ÍSLENSKA ÆSKULÝÐSRANNSÓKNIN .....	18
Greining gagna .....	18
NETKÖNNUN .....	21
Bakgrunnur þáttakenda .....	21
Andlegt ofbeldi .....	23
Líkamlegt ofbeldi .....	31
Kynferðislegt ofbeldi .....	39
Stafrænt ofbeldi .....	42
Umsátursofbeldi.....	44
Fjárhagslegt ofbeldi .....	46
Leit eftir aðstoð vegna ofbeldis.....	49
Opin spurning .....	51
HINSEGINSPJALLIÐ .....	53
Greining gagna .....	53
<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>61</b>

## TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1. BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR UM ÞÁTTTAKENDUR .....	22
TAFLA 2. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ FORELDRI/STJÚPFORELDRI/FÓSTURFORELDRI HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU:.....	24
TAFLA 3. ANDLEGT OFBELDI: KYN GERENDA – FORELDRI .....	25
TAFLA 4. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ ANNAR FJÖLSKYLDUMEÐLIMUR 18 ÁRA EÐA ELDRI HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU: .....	26
TAFLA 5. ANDLEGT OFBELDI: KYN GERENDA – ANNAR FJÖLSKYLDUMEÐLIMUR .....	27
TAFLA 6. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ FYRRVERANDI MAKI, KÆRAST/A/I EÐA EINHVER SEM ÞÚ VARST AÐ HITTA/„DEITA“ HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU: .....	28
TAFLA 7. ANDLEGT OFBELDI: KYN GERENDA – FYRRVERANDI MAKI .....	29
TAFLA 8. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ NÚVERANDI MAKI, KÆRAST/A/I EÐA EINHVER SEM ÞÚ ERT AÐ HITTA/„DEITA“ HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU:.....	30
TAFLA 9. ANDLEGT OFBELDI: KYN GERENDA – NÚVERANDI MAKI .....	31
TAFLA 10. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ FORELDRI/STJÚPFORELDRI/FÓSTURFORELDRI HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU:.....	32
TAFLA 11. LÍKAMLEGT OFBELDI: KYN GERENDA – FORELDRI .....	33
TAFLA 12. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ ANNAR FJÖLSKYLDUMEÐLIMUR 18 ÁRA EÐA ELDRI HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU: .....	34
TAFLA 13. LÍKAMLEGT OFBELDI: KYN GERENDA – ANNAR FJÖLSKYLDUMEÐLIMUR .....	35
TAFLA 14. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ FYRRVERANDI MAKI, KÆRAST/A/I EÐA EINHVER SEM ÞÚ VARST AÐ HITTA/„DEITA“ HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU: .....	36
TAFLA 15. LÍKAMLEGT OFBELDI: KYN GERENDA – FYRRVERANDI MAKI .....	37
TAFLA 16. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ NÚVERANDI MAKI, KÆRAST/A/I EÐA EINHVER SEM ÞÚ ERT AÐ HITTA/„DEITA“ HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU:.....	38
TAFLA 17. LÍKAMLEGT OFBELDI: KYN GERENDA – NÚVERANDI MAKI .....	39
TAFLA 18. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ FYRRVERANDI MAKI, KÆRAST/A/I EÐA EINHVER SEM ÞÚ VARST AÐ HITTA/„DEITA“ HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU: .....	40
TAFLA 19. KYNFERÐISLEGT OFBELDI: KYN GERENDA – FYRRVERANDI MAKI .....	41
TAFLA 20. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ NÚVERANDI MAKI, KÆRAST/A/I EÐA EINHVER SEM ÞÚ ERT AÐ HITTA/„DEITA“ HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU:.....	41
TAFLA 21. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ FYRRVERANDI MAKI, KÆRAST/A/I EÐA EINHVER SEM ÞÚ VARST AÐ HITTA/„DEITA“ HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU: .....	42
TAFLA 22. STAFRÆNT OFBELDI: KYN GERENDA – FYRRVERANDI MAKI.....	43
TAFLA 23. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ NÚVERANDI MAKI, KÆRAST/A/I EÐA EINHVER SEM ÞÚ ERT AÐ HITTA/„DEITA“ HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU:.....	43
TAFLA 24. STAFRÆNT OFBELDI: KYN GERENDA – NÚVERANDI MAKI .....	44
TAFLA 25. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ FYRRVERANDI MAKI, KÆRAST/A/I EÐA EINHVER SEM ÞÚ VARST AÐ HITTA/„DEITA“ HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU: .....	44
TAFLA 26. UMSÁTURSOFBELDI: KYN GERENDA – FYRRVERANDI MAKI .....	45
TAFLA 27. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ NÚVERANDI MAKI, KÆRAST/A/I EÐA EINHVER SEM ÞÚ ERT AÐ HITTA/„DEITA“ HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU:.....	45
TAFLA 28. UMSÁTURSOFBELDI: KYN GERENDA – NÚVERANDI MAKI .....	46
TAFLA 29. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ FYRRVERANDI MAKI, KÆRAST/A/I EÐA EINHVER SEM ÞÚ VARST AÐ HITTA/„DEITA“ HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU: .....	47
TAFLA 30. FJÁRHAGSLEGT OFBELDI: KYN GERENDA – FYRRVERANDI MAKI.....	48
TAFLA 31. HEFUR EINHVERN TÍMANN KOMIÐ FYRIR ÞIG AÐ NÚVERANDI MAKI, KÆRAST/A/I EÐA EINHVER SEM ÞÚ ERT AÐ HITTA/„DEITA“ HAFI SÝNT ÞÉR EFTIRFARANDI FRAMKOMU:.....	48
TAFLA 32. FJÁRHAGSLEGT OFBELDI: KYN GERENDA – NÚVERANDI MAKI.....	49
TAFLA 33. LEITAÐIR ÞÚ AÐSTOÐAR HJÁ EINHVERJUM VEGNA ERFIÐU SAMSKIPTANNA EÐA OFBELDISINS SEM ÞÚ VARÐST FYRIR? .....	50

## MYNDAYFIRLIT

MYND 1. HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ EÐA HEYRT ANNAR FORELDRI EÐA UMÖNNUNARAÐILA VERÐA FYRIR HÖGGUM, SPÖRKUM EÐA VERIÐ VILJANDI SLASAÐ Á HEIMILI YKKAR EINHVERN TÍMANN UM ÆVINA?.....	19
MYND 2. HEFUR FORELDRI ÞITT EÐA ANNAR UMÖNNUNARAÐILI SLEGIÐ ÞIG, SPARKAÐ Í ÞIG EÐA REYNT AÐ MEIÐA ÞIG Á EINHVERN HÁTT EINHVERN TÍMANN UM ÆVINA? .....	20
MYND 3. HEFUR KÆRASTI/KÆRASTA EÐA SAMBYLISMAÐUR/SAMBÝLISKONA SLEGIÐ ÞIG, SPARKAÐ Í ÞIG EÐA REYNT AÐ MEIÐA ÞIG Á EINHVERN HÁTT EINHVERN TÍMANN UM ÆVINA? .....	21

## SAMANTEKT

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kortleggja tíðni og birtingarmyndir ofbeldis í nánum samböndum og á heimilum hinsegin fólks á Íslandi.

Sökum viðvarandi jaðarsetningar er hinsegin fólk skilgreint sem viðkvæmur hópur og nálgast þarf viðfangsefnið á nærgætinn hátt. Þar sem aðgengi að hópnum var takmörkunum háð og fjöldi þátttakenda og svara við spurningum takmarkaður, er ekki mögulegt að alhæfa niðurstöður yfir á þýðið, eða þann fjölbreytta hóp hinsegin fólks sem býr á Íslandi. Rannsóknin er grunnrannsókn í málaflokknum og niðurstöður hennar til þess fallnar að gefa innsýn í stöðu málaflokksins og hvaða grunnaðgerða er þörf.

Rannsóknin skiptist í þrjá hluta: gögn um framhaldsskólanema úr Íslensku æskulýðsrannsókninni voru greind, spurningakönnun um upplifun af ofbeldi í nánum samböndum og á heimilum var send á meðlimi Samtakanna '78 og spurningakönnun með opnum spurningum var lögð fyrir í umræðuhópnum Hinseginspjallið á Facebook.

Greining gagna úr Íslensku æskulýðsrannsókninni leiddi í ljós að ungmenni sem skilgreina kyn sitt sem kynsegin eða „annað kyn“ eru líklegri en drengir og stúlkur til að hafa orðið vitni að líkamlegu ofbeldi á heimili sínu, að hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á heimilinu og að hafa verið beitt líkamlegu ofbeldi í nánu sambandi. Svarendur sem eru pankynhneigðir og tvíkynhneigðir voru að sama skapi líklegri en ungmenni með aðrar kynhneigðir til að hafa orðið vitni að ofbeldi á heimilinu, hafa verið beitt ofbeldi á heimili sínu og að hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi. Ungmenni sem voru gagnkynhneigð, eikynhneigð eða óviss um kynhneigð sína höfðu síður upplifað líkamlegt ofbeldi á heimili eða í nánu sambandi.

Í könnuninni fyrir félagi í Samtökunum '78 var spurt um hegðun eftirfarandi aðila gagnvart svaranda: a) fyrrverandi maki, fyrrverandi kærast/a/i eða einhver sem svarandi var að hitta/„deita“, b) núverandi maki, núverandi kærast/a/i eða einhver sem svarandi er að hitta/„deita“, c) foreldri/stjúpforeldri/fósturforeldri og d) annar fjölskyldumeðlimur á heimili svaranda 18 ára eða eldri. Til einföldunar er í þessari samantekt vísað til hópanna fjögurra sem: a) fyrrverandi maki, b) núverandi maki, c) foreldri og d) annar fjölskyldumeðlimur. Spurt var um reynslu þátttakenda af 1. andlegu og 2. líkamlegu ofbeldi. Einnig var spurt um upplifun af öðrum birtingarmyndum ofbeldis af hendi fyrrverandi eða núverandi maka sem falla undir: 3. kynferðislegt ofbeldi, 4. stafrænt ofbeldi, 5. umsátursofbeldi og 6. fjárhagslegt ofbeldi.

Svör við spurningum um hegðun sem fella má undir andlegt ofbeldi sýna að meirihluti þátttakenda hafði upplifað eitthvert form af andlegu ofbeldi í fyrrverandi sambandi. Nokkuð

hátt hlutfall hafði einnig upplifað slíka hegðun af hendi foreldra en lægra hlutfall upplifði andlega ofbeldishegðun af hendi núverandi maka eða annars fjölskyldumeðlims.

Tíðni líkamlegs ofbeldis var talsvert lægri en tíðni andlegs ofbeldis en þar sést sama mynstur þar sem þátttakendur höfðu helst orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hendi fyrrverandi maka, því næst foreldri en fremur sjaldgæft var að aðrir fjölskyldumeðlimir eða núverandi maki hefðu beitt þátttakendur líkamlegu ofbeldi.

Hvað viðkemur öðru ofbeldi þá var spurt um slíkt varðandi núverandi og fyrrverandi maka. Nærri 30% þátttakenda höfðu verið beitt kynferðislegu ofbeldi af fyrrverandi maka en nær enginn merkti við slíkt varðandi núverandi maka. Rúm 30% svarenda höfðu upplifað stafrænt áreiti og stafrænt eftirlit fyrrverandi maka en það sama átti við um rúm 4% svarenda þegar spurt var um núverandi maka. Tæpur fjórðungur þátttakenda hafði reynslu af að fyrrverandi maki sat um þá eða hafði eftirliti með þeim en um rúm 5% upplifðu slíkt af hálfu núverandi maka. Að lokum sýna niðurstöður að í tilfelli rúmlega fjórðungs svarenda hafði fyrrverandi maki gengið á fjármuni þeirra eða stýrt fjármálum þeirra en hið sama átti við núverandi maka í tilfelli 4% svarenda. Í heild var því lítið um að þátttakendur greindu frá ofbeldi af hálfu núverandi maka eða kærast/a/kærustu.

Þegar kyn gerenda var skoðað varðandi alla ofbeldishegðun sést að karlar voru meirihluti gerenda í nær öllum tilvikum. Undantekningin frá því er andlegt ofbeldi foreldra þar sem konur voru í meirihluta gerenda.

Bakgrunnsgreining á þolendum ofbeldis var gerð þegar um nægilega marga svarendur var að ræða. Greiningin leiddi í ljós töluverðan kynjamun. Hlutfall þeirra sem hafði upplifað hinar mismunandi tegundir ofbeldis var í flestum tilfellum hæst á meðal kvára og fólks sem skilgreindi kyn sitt sem „annað“. Næsthæst var hlutfallið meðal kvenna og lægst hlutfall var hjá körlum. Undantekning frá þessu var andlegt ofbeldi núverandi maka, þar sem karlar voru líklegri en önnur kyn til að merkja við atriði á kvarðanum. Einnig voru konur líklegri en önnur kyn til að hafa upplifað umsátursáreiti fyrrverandi maka.

Þegar svör þátttakenda eru rýnd út frá kynvitund sýna niðurstöður að þau sem skilgreindu sig sem sískynja voru mun ólíklegri til að hafa upplifað hinar mismunandi tegundir ofbeldis en þau sem skilgreindu sig sem trans eða „annað“. Undantekning frá þessu er andlegt ofbeldi núverandi maka þar sem sískynja svarendur voru líklegri til að merkja við atriði á kvarðanum en svarendur sem voru trans eða skilgreindu kynvitund á annan hátt.

Nokkuð skýrt mynstur birtist einnig þegar svör eru skoðuð eftir kynhneigð en vegna smæðar hópa þurfti að fella saman nokkra svarmöguleika til að unnt væri að greina eftir bakgrunni.

Kynhneigð var skipt í tvo flokka: samkynhneigð, en flestir svarendur tilheyrðu þeim flokki, og „annað“, en í þeim flokki skilgreindu flestir sig sem tvíkynhneigða og pankynhneigða. Svarendur sem voru samkynhneigðir voru ólíklegri en svarendur sem höfðu aðra kynhneigð til að hafa upplifað hinar mismunandi gerðir ofbeldis sem spurt var um í könnuninni.

Ef horft er til aldurs var hlutfall svarenda sem hafði upplifað það ofbeldi sem könnunin tók til í flestum tilfellum lægst í elsta aldurshópnum (50 ára og eldri), ef frá er talið andlegt ofbeldi núverandi maka. Mismunandi var eftir ofbeldisformum hvort hlutfall þolenda var hæst í yngsta hópnum (18-39 ára) eða miðhópnum (40-49 ára).

Í lok könnunarinnar voru þátttakendur spurðir hvort og hvert þeir hefðu leitað sér aðstoðar vegna erfiðra samskipta eða ofbeldis sem þeir höfðu reynslu af. Flest þau sem höfðu orðið fyrir einhvers konar ofbeldi leituðu aðstoðar hjá vini, fjölskyldumeðlimi eða ættingja. Næstflest leituðu til sálfræðinga eða félagsráðgjafa og stór hópur leitaði sér ekki aðstoðar. Hlutfallslega fáar manneskjur leituð sértækrar aðstoðar líkt og hjá Stígamótum, Samtökunum '78, Bjarkarhlíð eða annars staðar. Þær niðurstöður styðja við opin svör þátttakenda í könnun og á Hinseginspjallinu um að skortur sé á viðeigandi faglegri aðstoð fyrir hinsegin fólk.

Niðurstöður á greiningu svara við opinni spurningu könnunarinnar og Hinseginspjallsins leiddu í ljós flóknar birtingarmyndir og afleiðingar ofbeldis sem hinsegin fólk verður fyrir og að aðgengi að aðstoð fyrir þolendur (og gerendur) er vörðað kerfislægum, heterónormatívum hindrunum. Ríkjandi samfélagsskipan og úrræði einkennast af gagnkynhneigðu forræði sem nauðsynlegt er að afbyggja til þess að útvíkkun félagslegra viðmiða og viðhorfa sé möguleg.

Breytingar á regluverki fela ekki í sér sjálfkrafa jafnrétti allra hópa samfélagsins, heldur þarf að fylgja þeim eftir með heildstæðri nálgun þannig að jafnt aðgengi að aðstoð og úrræðum sé til staðar fyrir alla. Meðal helstu aðgerða sem kallað var eftir af þátttakendum rannsóknarinnar voru:

1. Að efla (eða stofnsetja) sértæka aðstoð vegna ofbeldis fyrir hinsegin fólk.
2. Að setja á laggirnar sérstakt athvarf fyrir hinsegin fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi á borð við Kvænnaathvarfið.
3. Að skipuleggja fræðsluáttak um hinseginleika, hinsegin sambönd og ofbeldi í forsvari Samtakanna '78. Fræðslan þarf að ná til þeirra fag- og viðbragðsaðila sem koma að aðstoð og vinnu við ofbeldismál, þ.m.t. opinberra aðila s.s. lögreglu, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, sem og féлага- og grasrótarsamtaka á borð við Stígamót, Kvænnaathvarfið, Bjarkarhlíð og Aflið.



4. Að halda betur utan um tölfræðilegar upplýsingar með því að skrásetja fjölda ofbeldistílfella sem hinsegin fólk verður fyrir, hjá þeim viðbragðsaðilum sem þolendur leita til, s.s. lögreglu, heilbrigðisþjónustu og félagasamtökum.

## INNGANGUR

Ofbeldi í nánnum samböndum (e. IPV, intimate partner violence) og heimilisofbeldi (e. domestic violence) hefur verið töluvert til rannsóknar í alþjóðasamfélaginu og er staðfest sem útbreitt og alvarlegt lýðheilsuvandamál. Hingað til hafa rannsóknir á ofbeldi í nánnum samböndum og á heimilum, sem og afleiðingar þess, að miklu leyti takmarkast við gagnkynhneigð sambönd og heterónormatívar fjölskyldur (Machado, Sausa og Cunha, 2024; WHO, 2021; Donovan og Barnes, 2017; Rakovec-Felser, 2014; Campbell, 2002).

Rannsóknir á ofbeldi í nánnum samböndum og á heimilum hinsegin fólks eru skemmra á veg komnar (Donovan og Barnes, 2019; Reuter o.fl., 2017). Erlendar rannsóknir sem liggja fyrir á ofbeldi í nánnum samböndum hinsegin fólks benda til að algengið sé meira en á meðal gagnkynhneigðra, birtingamyndirnar frábrugðnar og að viðeigandi úrræði skorti (sjá t.d. Reuter, Newcomb, Whitton og Mustanski, 2017).

Þau úrræði og þjónusta sem þolendum, og gerendum, ofbeldis í nánnum samböndum standa til boða takmarkast að sama skapi að miklu leyti við fólk í gagnkynhneigðum samböndum. Rannsóknir hafa ennfremur sýnt að þau meðferðarúrræði sem til eru fyrir þolendur ofbeldis í nánnum samböndum eru að mestu sniðin að gagnkynhneigðum kvenkyns þolendum, sem gerir það að verkum að aðrir þolendur, svo sem gagnkynhneigðir karlar og hinsegin fólk, leita sér síður aðstoðar. Sömuleiðis takmarkast þau úrræði sem sett hafa verið á laggirnar fyrir gerendur við gagnkynhneigða karla sem einnig kemur í veg fyrir að fjölbreyttari hópur gerenda nýti sér þjónustuna (Machado, Sausa og Cunha, 2024).

Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi úrræða og meðferða fyrir þolendur ofbeldis í nánnum samböndum og fjölskyldum. Konur og börn en einnig „kynsegin minnihlutahópar“ (e. gendered minorities) eru útsettari fyrir heimilisofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum en aðrir og greitt aðgengi að aðstoð skiptir sköpum til þess að þolendur nái að vinna úr áföllum sínum og taka virkan þátt í samfélaginu. Fjölbreytt og sveigjanleg aðstoð skipta miklu og sýnt er að þátttaka viðkvæmra hópa í mótun eigin lausna hefur valdeflandi áhrif og eykur traust þolenda á viðkomandi úrræði (Idriss-Wheeler, El-Khatib og Yaya, 2022; Albanesi, Tomasetto og Guardabassi, 2021).

Á Íslandi hafa fáar rannsóknir á ofbeldi meðal hinsegin fólks verið gerðar. Starfshópur Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar gaf árið 2018 út skýrslu um leiðir til að sporna gegn heimilisofbeldi sem hinsegin fólk verður fyrir. Tillögur að aðgerðum skýrsluhöfunda fólust helst í að auka þyrfti fræðslu og aðlögun verklags þjónustuveitenda sem vinna með þolendum ofbeldis og aukinni samvinnu hinsegin samtaka og þjónustuaðila (Reykjavíkurborg, 2018).

Nokkrar meistararitgerðir hafa verið skrifaðar um ofbeldi meðal ungs, hinsegin fólks á Íslandi (s.s. Þórhildur Gyða Arnarsdóttir, 2022: Sólrún Sesselja Haraldsdóttir, 2021). Í þessu samhengi má einnig nefna yfirstandandi MA-rannsókn Ingibjargar Andreu Hallgrímsdóttur sem fjallar um ofbeldi í nánum samböndum hinsegin fólks en helstu niðurstöðum hennar er ætlað að vera viðbót við rannsókn þessa.

Ljóst er að mikil þörf er á að kortleggja bæði algengi og birtingarmyndir ofbeldis í nánum samböndum og á heimilum hinsegin fólks á Íslandi til þess að hægt sé að bregðast við og móta úrræði og þjónustu í takt við þörfina.

Í júní árið 2022 samþykkti Alþingi þingsályktun um aðgerðaráætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022-2025. Áætlunin er sú fyrsta sem snýr eingöngu að málefnum hinsegin fólks. Áætlunin er bundin yfir tuttugu aðgerðum sem allar miða að því að bæta stöðu og réttindi hinsegin fólks í íslensku samfélagi. Áhersla er lögð á fræðslutengd verkefni og upplýsandi umræðu, lagabreytingar, stefnumótun og rannsóknir. Rannsókn þessi er hluti aðgerðaráætlunarinnar og er gerð fyrir Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið í samvinnu við Samtökin '78 og Ríkislögreglustjóra. Markmið rannsóknarinnar er að auka við þekkingu í málaflokknum sem m.a. nýtist við mótun þjónustu við hinsegin þolendur ofbeldis á heimilum og í nánum samböndum.

## SKILGREININGAR

Almenn skilgreining á heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum einskorðast lengi framán af við líkamlegt og síðar einnig kynferðislegt ofbeldi í gagnkynja samböndum og fjölskyldum, þar sem gagnkynhneigðir karlar voru í meirihluta gerendur og konur (og börn) meirihluti þolenda. Ofbeldið sjálft og afleiðingar þess hefur verið skoðað og skilgreint út frá sjónarhóli þolenda. Skilgreiningar á heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum byggja þannig að mestu leyti á reynslu og upplifun gagnkynhneigðra kvenna (Machado, Sausa og Cunha, 2024; McCarry, Hester og Donovan, 2008). Eftir að farið var að rannsaka ofbeldi í samkynja samböndum kom í ljós að reynsla samkynhneigðra kvenna á þó nokkurn samhljóm með reynslu gagnkynhneigðra kvenna (McCarry, Hester og Donovan, 2008).

Nýlegri rannsóknir og skilgreiningar á ofbeldi í fjölskyldum og nánum samböndum fela í sér útvíkkun ofbeldishugtaksins og aukna fjölbreytni á skilgreindum hópum þolenda og gerenda. Þannig skilgreina Sameinuðu þjóðirnar heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum sem hegðunarmynstur sem er beitt til að öðlast og/eða viðhalda valdi yfir fjölskyldumeðlimi og/eða maka. Ofbeldi getur verið líkamlegt, kynferðislegt, fjárhagslegt eða andlegt. Hver sem er getur orðið fyrir ofbeldi á heimili sínu eða í nánu sambandi, þvert á kyn, kynþátt, aldur, kynhneigð, trúarbrögð, menntun o.s.frv. (SP, e.d.). Við þessa skilgreiningu má bæta, að stafrænt ofbeldi fellur einnig undir rannsóknir á ofbeldi í nánum samböndum (sjá t.d. Ford-Gilboe, Wathen, Varcoe, o.fl., 2016).

Skilgreiningar á ofbeldi sem á sér stað í nánum samböndum byggja á sömu grunnhugsun, eða að ofbeldi sé ekki einstaka atburður heldur ferli. Um er að ræða viðvarandi, kerfisbundna og ógnandi og/eða meiðandi hegðun gerenda sem er vísvitandi beitt gegn núverandi eða fyrrverandi maka með það að markmiði að stjórna og hafa vald yfir þolanda. Sjaldan er um eina gerð ofbeldis að ræða í ofbeldissambandi (SP, e.d.).

Þó rannsóknir og úrræði fyrir þolendur ofbeldis hafi hingað til að mestu leyti einskorðast við gagnkynhneigð parasambönd og einhliða ofbeldi sem beitt er af körlum, er aukin meðvitund fyrir tvíátta ofbeldissamböndum (e. bidirectional intimate partner violence), þar sem báðir aðilar beita mismunandi tegundum ofbeldis. Í þeim tilfellum geta báðir aðilar verið þolendur og gerendur. Þörf er á frekari rannsóknum um eðli og gerðir tvíátta ofbeldis, sem einnig hefur verið vísað í sem „gagnkvæmt ofbeldi“, til þess að hægt sé að skilgreina samhengið sem ofbeldið verður til í, orsakir, gerðir og afleiðingar fyrir þá aðila sem eru í ofbeldissamböndum og móta viðeigandi úrræði fyrir hlutaðeigandi aðila (Machado, Sausa og Cunha, 2024).

---

Hafa ber í huga að rannsóknir og skilgreiningar á ofbeldi í nánum samböndum eru í þróun og að aukin vitneskja felur í sér stöðuga þróun þekkingar á ofbeldi. Staða þekkingar og skilgreininga er því ekki endanleg heldur ber að líta á hana sem ferli. Sem dæmi má sjá að hugtakið „tviátta“ um ofbeldi í nánum samböndum sem gagnvirkt ferli, getur útilokað upplifun fólks í fjölmörgum samböndum, sem kallar á nánari skilgreiningar og mælingar svo eitthvað sé nefnt.

## AÐFERÐAFRÆÐILEG NÁLGUN OG ÖFLUN GAGNA

### Mælitæki rannsóknar

Gerð rannsókna á heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum, sem hafa fyrst og fremst takmarkast við fólk í gagnkynhneigðum fjölskyldum og samböndum líkt og fram kom í inngangi, leiddi í ljós ákveðinn aðferðafræðilegan vanda við hönnun spurningalista rannsóknarinnar. Þannig varð ljóst að ekki er hægt að yfirfæra beint þau mælitæki (spurningar og spurningakvarða) sem nýtt hafa verið í rannsóknum á ofbeldi í gagnkynhneigðum, síð samböndum yfir á hinsegin samfélagið, þar sem upplifun hinsegin fólks á ofbeldi getur verið frábrugðin upplifun gagnkynhneigðs fólks. Rannsóknir sýna að upplifun á ofbeldi á heimilum og í nánum samböndum, sem og gerð og tíðni ofbeldis, er mismunandi á milli hópa eftir kyni, kynhneigð, kynvitund, tjáningu, stétt og stöðu (Machado, Sausa og Cunha, 2024; Reuter, Newcomb, Whitton og Mustanski, 2017; McCarry, Hester og Donovan, 2008).

Þá leiddi gerð spurningalista frekar í ljós að þörf er á nákvæmum skilgreiningum á ofbeldi meðal hinsegin fólks, í nánum samböndum og á heimilum, sem ná að fanga viðfangsefnið og nýta má sem grundvöll fyrir gerð mælitækja í rannsóknum á ofbeldi meðal hinsegin fólks, þ.e.a.s. spurningum og spurningakvörðum. Þó rannsóknir innan málaflokksins séu hafnar erlendis (sjá t.d. McCarry o.fl., 2008; Donovan og Barnes, 2017), eru þær á byrjunarstigi á Íslandi líkt og áður kom fram.

Þau mælitæki sem nýtt hafa verið hérlendis í kortlagningum á ofbeldi í gagnkynhneigðum, síð samböndum takmarkast að mestu við ákveðnar birtingarmyndir andlegs ofbeldis, líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis. Samhliða aukinni þekkingu á ofbeldi í nánum samböndum og á heimilum á alþjóðavísu hafa fleiri birtingarmyndir verið skilgreindar og útfærðar með sérstökum mælitækjum, og fleiri gerðir ofbeldis verið kortlagðar, s.s. fjárhagslegt ofbeldi og stafrænt ofbeldi. Við gerð spurningalista þessarar rannsóknir var því litið til erlendra rannsókna og mælitækja og leitast við að útvíkka mælingar rannsóknarinnar.

Spurningakvörðum rannsóknarinnar var ætlað ná yfir helstu tegundir ofbeldis í nánum samböndum og á heimilum hinsegin fólks, s.s. andlegs, líkamlegs, kynferðislegs, stafræns, fjárhagslegs og umsátursofbeldis, og aðlaga nálgun og orðfæri að sem breiðustum hópi hinsegin fólks yfir 18 ára aldri, m.t.t. kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kynhneigðar. Spurningarnar náðu ýmist yfir bæði heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum eða einungis til ofbeldis í nánum samböndum. Við gerð spurningakvarðanna voru erlendar rannsóknir og kvarðar hafðar til hliðsjónar, svo sem CAS kvarðinn (Composit Abuse Scale) sem hannaður var af Dr. Kelsey Hegarty (Thompson, Basile o.fl., 2006) og uppfærð styttri

útgáfa kvarðans CAS<sub>R</sub>-SF (Ford-Gilboe, Wathen o.fl., 2016). Tekið skal fram að CAS kvarðinn var ekki yfirfærður beint heldur einungis stuðst við skilgreiningar, atriði og tíðnimælingar kvarðanna.

Gerð rannsóknarsniðs og spurningakvarða þessarar rannsóknar myndar þannig grunn þróunar aðferðafræðilegra mælitækja (spurninga og spurningakvarða), hugtakanotkunar og skilgreininga fyrir frekari rannsóknir í málaflokknum. Sömuleiðis nýtast niðurstöðurnar sem grunnmæling á ofbeldi í nánnum samböndum hinsegin fólks.

Samráðshópur kom að mótun rannsóknarsniðs og gerð spurningalista. Í hópnum voru fulltrúar Félagsvísindastofnunar, Ríkislögreglustjóra, Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og Samtakanna '78. Ingibjörg Andrea Hallgrímsdóttir, sem vinnur að eigindlegri MA-rannsókn um ofbeldi í nánnum samböndum hinsegin fólks, var einnig ráðgefandi við gerð spurningalista og byggði þar meðal annars á niðurstöðum rannsóknar sinnar.

Rannsakendur leggja áherslu á mikilvægi þess að gera fleiri og ítarlegri rannsóknir á ofbeldi meðal hinsegin fólks á Íslandi, bæði í nánnum samböndum og í fjölskyldum fullorðinna sem og ofbeldi á heimilum og meðal hinsegin barna og ungmenna. Besta leiðin til að fá innsýn í eðli ofbeldis er að gera viðtalsrannsóknir. Hægt er að nálgast viðmælendur í viðkvæmum hópum með snjóboltaaðferð.

## Gagnaöflun

Gagnaöflun fór fram með þrenns konar hætti. Í fyrsta lagi voru fyrirbyggjandi gögn úr Íslensku æskulýðsrannsókninni meðal nemenda í framhaldsskólum nýtt í greiningu og þannig fengin innsýn í reynslu ungmenna af heimilisofbeldi. Gögnin voru greind eftir kyni og kynhneigð þátttakenda.

Í öðru lagi var lögð fyrir netkönnun meðal fólks í Samtökunum '78 þar sem miðað var við að ná til þátttakenda eldri en 18 ára. Könnuninni var ætlað að mæla tíðni sex tegunda ofbeldis: 1. andlegt ofbeldi, 2. líkamlegt ofbeldi, 3. kynferðislegt ofbeldi, 4. stafrænt ofbeldi, 5. fjárhagslegt ofbeldi og 6. umsátursofbeldi. Annars vegar var ofbeldi í nánnum samböndum metið, þar sem spurt var út í hegðun a) fyrrverandi maka, fyrrverandi kærast/a/kærustu eða einhvers sem svarandi var að hitta/„deita“ og b) núverandi maka, núverandi kærast/a/kærustu eða einhvers sem svarandi er að hitta/„deita“. Hins vegar var heimilisofbeldi sem hinsegin fólk verður fyrir metið með því að spyrja um hegðun c) foreldris/stjúpfareldris/ fósturforeldris og d) annars fjölskyldumeðlims á heimilinu eldri en 18 ára. Til einföldunar er í skýrslunni yfirleitt vísað til hópanna sem: a) fyrrverandi maki, b) núverandi maki, c) foreldri og d) annar

fjölskyldumeðlimur. Spurningar um framkomu foreldra og fjölskyldumeðlima snéru aðeins að andlegu og líkamlegu ofbeldi. Svarendur sem höfðu aldrei verið í sambandi fengu eingöngu spurningar um foreldra og aðra fjölskyldumeðlimi. Þátttakendur sem voru ekki í sambandi þegar gagnaöflun fór fram en höfðu áður verið í sambandi fengu spurningar um fyrrverandi maka, foreldra og fjölskyldumeðlimi.

Í þriðja lagi var lögð fyrir könnun með opnum spurningum á Hinseginspjallinu á Facebook. Líkt og fram kemur í lýsingu hópsins á Facebook er Hinseginspjallið „umræðuhópur fyrir fólk af öllum stærðum og gerðum um málefni hinsegin fólks á Íslandi og víðar. Ekki er gerð krafa um að meðlimir séu hinsegin.“ Samtökin '78 settu inn færslu á Hinseginspjallið með hlekk á nafnlausu könnun. Opnar spurningar eru til þess fallnar að fá dýpri innsýn í sjónarmið og upplifun þátttakenda af því málefni sem verið er að rannsaka. Eitt helsta markmið opnu spurninganna fyrir meðlimi Hinseginspjallsins í rannsókninni var að fá nánari upplýsingar um ákveðin atriði sem spurt var um í netkönnuninni og því voru niðurstöður hennar hafðar til hliðsjónar við gerð opnu spurninganna.

## Siðfræðileg nálgun

Áhersla er lögð á, að þrátt fyrir áratuga mannréttindabaráttu og aukin réttindi og viðurkenningu í lagalegum skiliningi er hinsegin fólk á Íslandi enn samfélagslegur minnihlutahópur sem mætir fordómum, mismunun og jafnvel hatursorðræðu. Sem slíkur er hópurinn viðkvæmur. Að auki er viðfangsefni rannsóknarinnar viðkvæmt og gagnaöflun því takmörkunum háð.

Þar sem um viðkvæman hóp og viðfangsefni var að ræða var beiðni um umsögn send til Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir þar sem greint var frá siðferðilegum álitaefnum rannsóknarinnar og hvernig rannsóknin yrði unnin í samræmi við persónuverndarlög. Rannsóknin fékk jákvæða umsögn hjá Siðanefnd háskólanna.

Til að tryggja nafnleynd þátttakenda var rannsóknin hönnuð með þeim hætti að rannsakendur fengu á engum tímapunkti persónugreinanlegar upplýsingar um þátttakendur á borð við nöfn eða kennitölur. Tveir meginhlutar rannsóknarinnar, netkönnun og könnun á Hinseginspjallinu, voru unnar í samvinnu við Samtökin '78. Rannsakendur unnu kynningarbréf sem Samtökin '78 sendu í tölvupósti á félagasína og fengu rannsakendur því ekki upplýsingar um nöfn, netföng eða aðrar upplýsingar um félagasamtakanna. Í kynningarbréfinu var tekið fram að rannsóknin væri unnin í samræmi við persónuverndarlög og upplýsingum um nöfn, netföng og símanúmer þátttakenda yrði ekki deilt með rannsakendum. Samtökin '78 sendu kynningarbréfið með opnum hlekki á könnunina til féлага á skrá Samtakanna.



Samtökin '78 sendu einnig hlekk á könnun með opnum spurningum á Hinseginspjallið á Facebook þar sem tekið var fram að könnunin væri nafnlaus og persónugreinanlegar upplýsingar sem gætu komið fram í svörum yrðu ekki birtar í niðurstöðum rannsóknar.

## Takmarkanir

Markmið rannsóknarinnar var að kortleggja tíðni og birtingarmyndir ofbeldis í nánum samböndum og á heimilum hinsegin fólks. Hinsegin fólk er skilgreint sem viðkvæmur hópur sökum viðvarandi jaðarsetningar í samfélaginu líkt og bent er á í kaflanum hér að ofan. Erfitt aðgengi að hópnum, margbreytileikinn innan hans og eðli viðfangsefnis rannsóknarinnar varð í heild sinni til þess að erfitt reyndist að nálgast þátttakendur, afla nægilegs fjölda svara og greina þau þannig að niðurstöður endurspegluðu tíðni og flokka ofbeldis innan þess fjölbreytta hóps sem hinsegin fólk er.

Könnun sem lögð var fyrir félagsfólk Samtakanna var ætlað að ná til hinsegin samfélagsins en fyrirlögnin var þeim takmörkunum háð að aðeins fólk sem er með virk netföng skráð hjá Samtökunum '78 fékk boð um að taka þátt. Af þeim sökum hafði aðeins hluti þýðisins kost á þátttöku og því er ekki unnt að yfirfæra niðurstöður könnunarinnar yfir á hinsegin fólk á Íslandi í heild sinni.

Síðast en ekki síst er vert að leggja áherslu á vandkvæði þess að kanna á sama tíma heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum og þá sérstaklega þegar um er að ræða börn og ungmenni annars vegar og fullorðið fólk hins vegar. Þó oft sé fjallað um ofbeldi í nánum samböndum og á heimilum á sama tíma, er aðferðafræðileg nálgun á ofbeldi í nánum samöndum og heimilisofbeldi mismunandi. Meðal þeirra þátta sem skilja nálgunina að, er að til þess að kortleggja heimilisofbeldi, sem er sérstaklega viðkvæmt viðfangsefni, er mikilvægt að ná til barna og ungmenna undir 18 ára aldri sem kallar á sérstök leyfi. Þá eru annars konar mælingar nýttar meðal barna og ungmenna og meðal fullorðinna. Loks eru tegundir og birtingarmyndir ofbeldis í nánum samböndum annars vegar og í fjölskyldum hins vegar um margt ólíkar og því afar erfitt að sameina í einni rannsókn sem er smá í sniðum.

Að því sögðu ber að undirstrika að framlag þeirra sem tóku þátt í rannsókninni myndar mikilvæga innsýn í málefnið og haldgóðan grunn að framhaldsrannsóknum.

## NIÐURSTÖÐUR

Gerð verður grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar í þremur köflum. Fyrst verða tekin saman nokkur atriði úr Íslensku æskulýðsrannsókninni. Þá verður gerð grein fyrir niðurstöðum netkönnunar sem gerð var meðal félagsfólks Samtakanna '78. Tölfræðiniðurstöður eru settar fram í töflum og greining opinnar spurningar úr könnuninni er sett fram í texta. Þriðji kafli niðurstaðna er greining á opnum spurningum sem lagðar voru fyrir á Hinseginspjallinu á Facebook.

### Íslenska æskulýðsrannsóknin


Íslenska æskulýðsrannsóknin er lögð fyrir í grunn- og framhaldsskólum landsins af Menntavísindastofnun Háskóla Íslands fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Markmið hennar er að safna gögnum um velferð og viðhorf barna og ungmenna (Ragný Þóra Guðjónssen o.fl., 2023). Bakgrunnsspurningar um kyn, kynhneigð og fjölskyldugerð ungmenna hafa verið útvíkkaðar og þeim ætlað að ná yfir fjölbreyttari skilgreiningu þátttakenda á kyni, kynhneigð og fjölskyldugerð. Breytingarnar voru unnar í samráði við Samtökin '78 og lagðar fyrir í núverandi mynd árið 2023. Í rannsókn þessari voru gögn úr Íslensku æskulýðsrannsókninni nýtt til þess að fá innsýn í reynslu ungmenna af heimilisofbeldi. Gögnunum var safnað frá október 2023 til apríl 2024, þátttakendur í könnuninni voru 7.010 og var meirihluti þeirra (85,5%) fæddur árin 2005-2007. Greiningu á reynslu ungmenna af heimilisofbeldi er að finna hér fyrir neðan. Bakgrunnsbreytur greiningarinnar voru kyn og kynhneigð þátttakenda.

### Greining gagna

Í þeim hluta æskulýðsrannsóknarinnar sem fjallaði um heimilisofbeldi voru þrjár spurningar: hvort þátttakandi hafði orðið vitni að heimilisofbeldi eða orðið fyrir því og hvort þátttakendur höfðu upplifað ofbeldi af hálfu kærasta/kærustu eða sambýlismanns/-konu. Niðurstöður greiningar má sjá á myndum 1, 2 og 3 hér fyrir aftan.


Mynd 1 sýnir að kynjamunur er á svörum um hvort svarendur höfðu orðið vitni að því að foreldri eða umönnunaraðili var beittur líkamlegu ofbeldi. Lægst hlutfall var hjá drengjum (7%) en þar á eftir komu stúlkur (13%), þau sem skilgreindu sig kynsegin (15%) og loks þau sem skilgreindu sig sem annað kyn (17%). Þegar sama spurning er greind eftir kynhneigð sést að þau sem voru ólíklegust til að hafa orðið vitni að ofbeldi á heimilinu skilgreindu sig sem eikynhneigð (8%), gagnkynhneigð (8%) eða voru óviss um kynhneigð sína (11%). Hins vegar var hlutfall þeirra sem höfðu orðið vitni að ofbeldi hærra hjá svarendum sem skilgreindu sig

sem pankynhneigð (22%), tvíkynhneigð (20%), önnur kynhneigð (17%) eða samkynhneigð (14%).



**Mynd 1. Hefur þú orðið vitni að eða heyrt annað foreldri eða umönnunaraðila verða fyrir höggum, spörkum eða verið viljandi slasað á heimili ykkar einhvern tímann um ævina?**


Þegar mynd 2 er skoðuð með tilliti til kyns má sjá að hæsta hlutfall þeirra sem hafði orðið fyrir því að foreldri eða annar umönnunaraðili hafi slegið, sparkað eða reynt að meiða viðkomandi á einhvern hátt einhver tímann um ævina, var í hópi þeirra sem skilgreindu sig kynsegin eða 26%. Þar af höfðu 18% þeirra orðið fyrir ofbeldi einu sinni eða tvisvar og 8% oftari en tvisvar. Þar á eftir voru þau sem skilgreindu sig sem annað kyn (20%), því næst stúlkur (13%), og loks drengir (8%). Þegar spurningin er greind eftir kynhneigð þátttakenda könnunarinnar sést að hæst hlutfall þeirra sem hafði orðið fyrir ofbeldi var á meðal þeirra sem skilgreindu sig sem pankynhneigð (26%), næsthæst var hlutfallið hjá þeim sem skilgreindu sig sem tvíkynhneigð (24%) og þar á eftir þau sem skilgreindu kynhneigð sína sem annað (19%) og samkynhneigð (18%). Svarendur sem skilgreindu sig sem gagnkynhneigða höfðu síst orðið fyrir ofbeldi foreldris eða umönnunaraðila, eða 9%.



**Mynd 2. Hefur foreldri þitt eða annar umönnunaraðili slegið þig, sparkað í þig eða reynt að meiða þig á einhvern hátt einhvern tímann um ævina?**

Ef myndir 1 og 2 eru bornar saman sést að hlutfall kynsegin ungmenna (26%) sem hefur verið beitt ofbeldi af foreldri (mynd 2) er hærra en hlutfall kynsegin ungmenna (15%) sem hafa orðið vitni að ofbeldi á heimili gegn foreldri (mynd 1). Til samanburðar má sjá að hlutfall drengja (8%) og stúlkna (13%) sem hafa verið beitt ofbeldi af foreldri (mynd 2) er álíka og hlutfall þeirra drengja (7%) og stúlkna (13%) sem hafa orðið vitni að ofbeldi á heimilinu (mynd 1). Svipaða sögu er að segja um kynhneigð en þó er ekki um eins mikinn mun að ræða. Um 8% gagnkynhneigðra svarenda hafa orðið vitni að heimilisofbeldi (mynd 1) og 8% hafa verið beitt ofbeldi á heimilinu (mynd 2). Hins vegar hafa 22% pankynhneigðra og 20% tvíkynhneigðra svarenda orðið vitni að heimilisofbeldi (mynd 1) samanborið við að 26% pankynhneigðra og 24% tvíkynhneigðra ungmenna hafa verið beitt ofbeldi af foreldri (mynd 2).

Líkt og mynd 3 sýnir höfðu 12% kynsegin svarenda upplifað líkamlegt ofbeldi í nánu sambandi. Þar af höfðu 10% upplifað ofbeldi einu sinni eða tvisvar og 2% oftari en tvisvar. Af þeim sem skilgreindu sig sem annað kyn höfðu 8% reynslu af ofbeldi í nánu sambandi. Um 7% stúlkna og 7% drengja höfðu upplifað ofbeldi í nánu sambandi. Þegar svör við spurningunni eru greind eftir kynhneigð sést að hæst hlutfall þeirra sem höfðu verið beitt líkamlegu ofbeldi í nánu sambandi er í hópi þeirra sem skilgreindu sig sem pankynhneigð eða 18%. Næst hæst hlutfall var í hópi þeirra sem skilgreindu sig sem tvíkynhneigð (15%) og þar á eftir var hlutfall hjá þeim sem skilgreindu kynhneigð sína á annan hátt (13%) og sem samkynhneigð (9%). Af þeim sem skilgreindu sig gagnkynhneigð höfðu 5% upplifað líkamlegt ofbeldi í nánu sambandi og 4% þeirra sem voru óviss með kynhneigð sína höfðu reynslu af slíku ofbeldi.




**Mynd 3. Hefur kærasti/kærasta eða sambýlismaður/sambýliskona slegið þig, sparkað í þig eða reynt að meiða þig á einhvern hátt einhvern tímann um ævina?**

## Netkönnun

### Bakgrunnur þátttakenda

Heildarfjöldi þátttakenda í netkönnun sem send var á félagsfólk Samtakanna '78 var 222. Tafla 1 veitir upplýsingar um þátttakendur, þ.e. kyn, kynhneigð, kynvitund, sambandsstöðu og aldur. Karlar voru 40,5% þátttakenda, konur 46,4% og kvár og fólk sem skilgreinir kyn sitt með öðrum hætti var samtals 13,1%. Um 79% svarenda skilgreindu kynvitund sína sem sís, 16,3% skilgreindu sig sem trans og 4,3% skilgreindu kynvitund sína með öðrum hætti. Meirihluti svarenda skilgreindi kynhneigð sína sem samkynhneigð (57%), 17,2% skilgreindu sig sem tvíkynhneigð og 16,3% voru pankynhneigð. Þegar spurt var um sambandsstöðu sagðist meirihluti svarenda vera í sambúð eða hjónabandi (58,8%). Hlutfallslega flestir svarendur voru á aldrinum 30-39 ára (32,9%) og næst flestir á aldrinum 40-49% (30,6%).

**Tafla 1. Bakgrunnsupplýsingar um þátttakendur**




Í þessum kafla eru niðurstöður netkönnunarinnar birtar eftir tegundum ofbeldis, en spurt var um reynslu þátttakenda af: 1. andlegu ofbeldi, 2. líkamlegu ofbeldi, 3. kynferðislegu ofbeldi, 4. stafrænu ofbeldi, 5. umsáturs ofbeldi og 6. fjárhagslegu ofbeldi. Um óbeinar spurningar var að ræða sem settar voru fram í kvörðum. Niðurstöðum í hverjum ofbeldisflokki er skipt niður eftir gerendum, þar sem gerendur eru flokkaðir í fjóra hópa: 1) foreldri, 2) annar fjölskyldumeðlimur, 3) fyrrverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem svarandi var að hitta/deita og 4) núverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem svarandi er að hitta/deita. Einnig er birt tafla sem sýnir fjölda þeirra þátttakenda sem leituðu sér aðstoðar vegna þess ofbeldis sem þeir urðu fyrir og hvert þeir leituðu. Greiningu opinna svara er gerð skil í lok kaflans.

Í viðauka eru birtar töflur með bakgrunnsupplýsingum um þolendur fyrir hvern kvarða ef nægilegur fjöldi þolenda er á bak við spurninguna. Til að unnt væri að greina spurningar eftir bakgrunni var svarmöguleikum skellt saman til að fjölga í flokkum. Í viðauka eru jafnframt birtar töflur sem sýna tíðni hvers atriðis í kvörðunum, þ.e. tíðni hvernar birtingarmyndar ofbeldis.

### **Andlegt ofbeldi**

Í netkönnuninni var spurt um ellefu atriði sem falla undir andlega ofbeldishegðun. Tafla 2 birtir tíðni yfir þessa andlegu ofbeldishegðun af hálfu foreldris þátttakenda. Líkt og taflan sýnir hafði nærri helmingur (48,7%) þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar, ekki reynslu af andlegu ofbeldi af hálfu foreldris. Af þeim atriðum sem kvarðinn mældi höfðu hlutfallslega flestir reynslu af því að upplifun þeirra og dómgreind var dregin í efa, eða tæp 41%. Næst flest, eða 31,4%, höfðu reynslu af því að þögn eða hunsun var notuð sem stjórnunartæki. Rúmlega 30% höfðu upplifað að talað var niður til þeirra, þau niðurlægð eða svívirt og sami fjöldi hafði reynslu af því að vera kennt um hegðun og líðan geranda. Tæplega 25% höfðu reynslu af því að hafa verið gagnrýnd eða gert lítið úr þeim vegna kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáningar eða kynhneigðar eða að hinseginleiki þeirra hafi verið dreginn í efa. Ríflega 16% höfðu upplifað að reynt var að hindra eða hafa áhrif á að þau ættu í samskiptum við fjölskyldu eða vini. Tæplega 15% höfðu reynslu af því að foreldri reyndi að hafa áhrif á eða hindra að þau kæmu opinberlega „út úr skápnunum“. Tæp 9% höfðu reynslu af að vera hótað að gerandi gerði sjálfu/um/ri sér mein og ríflega 6% höfðu orðið fyrir því að eigur þeirra voru skemmdar vísitandi eða svaranda verið hótað að vera gert mein.

**Tafla 2. Hefur einhvern tímann komið fyrir þig að foreldri/stjúppforeldri/fósturforeldri hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**



Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.




Viðaukatafla 1 greinir svör í töflu 2 eftir bakgrunni svarenda. Taflan sýnir talsverðan kynjamun á þeim sem höfðu upplifað andlegt ofbeldi af hendi foreldra. Tæplega 89% kvára og svarenda sem skilgreindu kyn sitt „á annan hátt“ merktu við að minnsta kosti eitt atriði á kvarðanum en



Það sama átti við um tæp 52% kvenna og 38% karla. Ef svör eru skoðu eftir kynhneigð má sjá að 40% samkynhneigðra svarenda merktu við atriði í kvarðanum en 65% þeirra sem skilgreindu kynhneigð sína á annan hátt en samkynhneigð. Um 45% sískynja svarenda merktu við atriði á kvarðanum en það sama átti við 79% þeirra sem skilgreina sig ekki sem sískynja. Þátttakendur í elsta aldurshópnum (50 ára og eldri) voru ólíklegastir til að merkja við atriði á listanum og fólk í yngsta aldurshópnum (18-39 ára) var líklegast til að merkja við atriði (sjá töflu 1 í viðauka). Í viðaukatöflum 2-12 má sjá tíðni hversrar birtingarmyndar ofbeldis úr töflu 2 að ofan.

Í töflu 3 má sjá greiningu eftir kyni gerenda. Flestir gerendur andlegs ofbeldis í hópi foreldra voru konur, alls 80 einstaklingar, en karlgerendur voru 67 talsins. Ein manneskja meðal gerenda var skilgreind sem „annað“ kyn og engin sem kvár.


**Tafla 3. Andlegt ofbeldi: Kyn gerenda – foreldri**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	67	70,5%	9,2%	 70,5%
Kona	80	84,2%	7,3%	 84,2%
Kvár	0	0,0%	0,0%	0,0%
Annað	1	1,1%	2,1%	 1,1%
Alls	148	155,8%		0% 100%
Fjöldi svarenda	95	42,8%		
Vil ekki svara	3	1,4%		
Á ekki við	124	55,9%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Tafla 4 sýnir andlegt ofbeldi af hendi annars fjölskyldumeðlims en foreldris eða maka. Ríflega þrjú af fjórum svarendum sagði ekkert af þeim atriðum sem spurt var um eiga við um sig. Af þeim atriðum sem helst var merkt við sögðu 12,6% svarenda að fjölskyldumeðlimur hefði dregið upplifun eða dómgreind í efa, 11% sagði fjölskyldumeðlim hafa talað niður til sín, niðurlægt eða svívirt og sama hlutfall sögðu fjölskyldumeðlim hafa kennt sér um sína líðan. Álíka hlutfall (10,5%) sagði fjölskyldumeðlim hafa gagnrýnt sig eða gert lítið úr sér vegna kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáningar eða kynhneigðar sinnar eða dregið hinseginleika sinn í efa.

**Tafla 4. Hefur einhvern tímann komið fyrir þig að annar fjölskyldumeðlimur 18 ára eða eldri hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**



Hér v ar hægt að v elja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Í viðaukatöflu 13 má sjá bakgrunn þolenda í töflu 4 fyrir ofan og töflur 14-24 í viðauka sýna tíðni hvernar birtingarmyndar út töflu 4. Kyn fjölskyldumeðlims (annars en foreldris eða maka)

sem beitti andlega ofbeldinu sem svarendur höfðu upplifað er sýnt í töflu 5. Ívið fleiri gerendur voru karlar (28) en konur (24) og tveir voru kvár.


**Tafla 5. Andlegt ofbeldi: Kyn gerenda – annar fjölskyldumeðlimur**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	28	65,1%	14,2%	65,1%
Kona	24	55,8%	14,8%	55,8%
Kvár	2	4,7%	6,3%	4,7%
Annað	0	0,0%	0,0%	0,0%
Alls	54	125,6%		0% 100%
Fjöldi svarenda	43	19,4%		
Vil ekki svara	1	0,5%		
Á ekki við	178	80,2%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Tafla 6 sýnir tíðni andlegs ofbeldis sem beitt var af fyrrverandi maka, kærast/a/kærustu eða einhverjum sem þátttakendur höfðu verið að hitta/„deita“. Meirihluti þátttakenda, eða 57,8%, hafði reynslu af því að fyrrverandi maki dró upplifun þeirra eða dómgreind í efa. Næst flestir eða rétt tæpur helmingur (49,5%) höfðu reynslu af því að þögn eða hunsun var notuð sem refsing eða stjórnunartæki á þau og 47,9% þátttakenda höfðu upplifað að fyrrverandi maki hafði kennt þeim um hegðun sína og líðan. Rúm 44% höfðu reynslu af því að fyrrverandi maki talaði niður til þeirra, niðurlægði eða svívirtu þau. Ríflega 35% höfðu reynslu af því að talað hafi verið til þeirra þannig að þau urðu hrædd og 29,2% höfðu upplifað að fyrrverandi maki hafi reynt að hindra eða hafa áhrif á samskipt þeirra við fjölskyldu eða vini. Jafn hátt hlutfall, 29,2%, höfðu ekki reynslu af neinu þeirra atriða sem kvarðinn tók til.

**Tafla 6. Hefur einhvern tímann komið fyrir þig að fyrrverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þú varst að hitta/„deita“ hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**



Hér v ar hægt að v elja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Bakgrunnstafla 25 í viðauka greinir svörin í töflu 6 að ofan eftir bakgrunni þátttakenda. Taflan sýnir að munur er á kynjum hvað varðar upplifun af andlegu ofbeldi af hálfu fyrrverandi maka.

Tæplega 80% kvenna, kvára og svarenda sem skilgreindu kyn sitt „á annan hátt“ merktu við að hafa upplifað eitthvað af þeim atriðin sem tilgreind voru en hið sama átti við 56% karla. Samkynhneigðir svarendur voru ólíklegri en þeir sem ekki voru samkynhneigðir til að merkja við atriði sem lýstu andlegri ofbeldishegðun fyrrverandi maka. Í töflum 26-36 í viðauka er að finna yfirlit yfir tíðni hvernar birtingarmyndar ofbeldis úr töflu 6.

Í töflu 7 er að finna greiningu á kyni gerenda, þ.e. fyrrverandi maka. Flestir gerendur voru karlar, í heildina 85 einstaklingar, en 63 gerenda voru konur. Kvárar voru gerendur í 8 tilfellum og einn gerandi var skilgreindur sem „annað“ kyn.


**Tafla 7. Andlegt ofbeldi: Kyn gerenda – fyrrverandi maki**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	85	64,9%	8,2%	64,9%
Kona	63	48,1%	8,6%	48,1%
Kvár	8	6,1%	4,1%	6,1%
Annað	1	0,8%	1,5%	0,8%
Alls	157	119,8%		
Fjöldi svarenda	131	59,0%		
Vil ekki svara	5	2,3%		
Á ekki við	86	38,7%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Andlegt ofbeldi sem beitt er af núverandi maka, kærast/a/kærustu eða einhverjum sem svarandi er að hitta/„deita“ má sjá í töflu 8. Meirihluti svarenda (77,5%) hafði ekki upplifað þá hegðun sem spurt var um af hendi núverandi maka. Rúm 13% svarenda hafði reynslu af því að núverandi maki hefði dregið upplifun eða dómgreind þeirra í efa og tæp 13% höfðu upplifað að maki notaði hunsun eða þögn sem refsingu eða stjórnunartæki. Tæp 11% svarenda höfðu upplifað að núverandi maki kenndi þeim um líðan sína og 6% höfðu reynslu af því að maki talaði niður til þeirra, niðurlægði eða svívirti. Aðrar birtingarmyndir andlegs ofbeldis í kvarðanum mældust undir 5%.

**Tafla 8. Hefur einhvern tímann komið fyrir þig að núverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þú ert að hitta/„deita“ hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**



Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Í viðauka er að finna töflu yfir bakgrunn þátttakenda sem höfðu upplifað andlegt ofbeldi frá núverandi maki (tafla 37). Svarendur í hópi karla voru líklegri til að merkja við að minnsta kosti

eitt atriði á kvarðanum miðað við önnur kyn. Sískynja svarendur voru að sama skapi líklegri en þeir sem ekki voru sískynja til að merkja við eitthvað á listanum. Fólk í elsta aldurshópnum (50 ára og eldri) merktu einnig oftast við atriði á listanum en yngri svarendur. Í töflum 38-48 í viðauka má enn fremur sjá yfirlit yfir tíðni hversrar birtingarmyndar andlegs ofbeldis núverandi maka úr töflu 8.

Tafla 9 sýnir kyn þeirra sem beittu þátttakendur andlegu ofbeldi. Karlgerendur voru 22, ríflega tvöfalt fleiri en kvengerendur, sem voru 10, og einn gerandi var kvár.

**Tafla 9. Andlegt ofbeldi: Kyn geranda – núverandi maki**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	22	66,7%	16,1%	66,7%
Kona	10	30,3%	15,7%	30,3%
Kvár	1	3,0%	5,8%	3,0%
Annað	0	0,0%	0,0%	0,0%
Alls	33	100,0%		
Fjöldi svarenda	33	14,9%		
Vil ekki svara	1	0,5%		
Á ekki við	188	84,7%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

### Líkamlegt ofbeldi

Spurt var um reynslu þátttakenda af líkamlegu ofbeldi með níu atriða kvarða og voru þátttakendur beðnir um að merkja við allt sem við átti. Tafla 10 sýnir svör við spurningum um hegðun foreldris. Meirihluti þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar, eða 78%, höfðu ekki reynslu af því ofbeldi sem tilgreint var í spurningunum. Flest þau sem höfðu upplifað líkamlegt ofbeldi af hálfu foreldris, eða 11,3%, höfðu orðið fyrir því að vera slegin, bitin, sparkað í þau eða þau barin. Næstflest, eða tæp 10%, höfðu upplifað að hafa verið hrint, hárreitt, þrifið í þau eða snúið upp á handlegginn á þeim. Þau sem höfðu upplifað að einhverjum sem þeim þótti vænt um var unnið mein eða því hótáð námu 8,6 % og ríflega 8% höfðu upplifað að komið hafi verið í veg fyrir að þau kæmu eða færu. Um 7% höfðu upplifað að hlutum var hent í þau eða í áttina að þeim svo þeim fannst þeim ógnað. Tíðni annarra þátta mældist um eða undir 2%.

**Tafla 10. Hefur einhvern tímenn komið fyrir þig að foreldri/stjúeforeldri/fósturforeldri hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Slegið þig, sparkað, bitið eða barið þig?	21	11,3%	4,5%	11,3%
Hrint, hárréitt, þrifð í þig eða snúið upp á handlegginn á þér?	18	9,7%	4,2%	9,7%
Unnið einhverjum mein sem þér þykir vænt um eða hótad því?	16	8,6%	4,0%	8,6%
Komið í veg fyrir að þú gætir komið/farið þegar þú vildir?	15	8,1%	3,9%	8,1%
Hent í þig hlutum eða í áttina að þér sv o þér fannst þér ógnað?	13	7,0%	3,7%	7,0%
Þvingað þig til að taka lyf eða flkniefni?	4	2,2%	2,1%	2,2%
Tekið þig kyrkingartaki eða reynt að kæfa þig eða brenna (t.d. með vökva)?	4	2,2%	2,1%	2,2%
Beitt eða hótad þér með hni, byssu eða öðrum hlut?	2	1,1%	1,5%	1,1%
Komið í veg fyrir að þú gætir tekið nauðsynleg lyf?	1	0,5%	1,1%	0,5%
Ekkert af ofangreindu	145	78,0%	6,0%	78,0%
Alls	239	128,5%	0%	100%
Fjöldi svarenda	186	83,8%		
Vil ekki svara	36	16,2%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Tafla 49 í viðauka birtir svörin úr töflu 10 greint niður eftir bakgrunni svarenda. Þar má sjá að 42% svarenda sem skilgreindu kyn sitt sem kvár eða á annan hátt höfðu upplifað að foreldri beitti einhverju af því líkamlega ofbeldi sem spurt var um, það sama átti við um 22% kvenna og 15% karla. Hlutfall þeirra sem hafði upplifað líkamlegt ofbeldi foreldra var talsvert lægra meðal svarenda sem voru samkynhneigðir en hjá þeim sem skilgreindu kynhneigð sína á annan hátt. Sískynja þátttakendur voru ólíklegri til að merkja við að foreldri hafi beitt líkamlegu ofbeldi en þátttakendur sem voru ekki sískynja (sjá viðaukatöflu 49). Töflur 50-68 í viðauka sýna tíðni hveirrar birtingarmyndar líkamlegs ofbeldis sem foreldar beittu.

Greining á kyni foreldris sem beitti líkamlegu ofbeldi leiddi í ljós að flestir gerendur voru karlar, eða 27 manns, og 20 konur voru gerendur (sjá töflu 11).



**Tafla 11. Líkamlegt ofbeldi: Kyn gerenda – foreldri**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	27	65,9%	14,5%	65,9%
Kona	20	48,8%	15,3%	48,8%
Kvár	0	0,0%	0,0%	0,0%
Annað	0	0,0%	0,0%	0,0%
Alls	47	114,6%		0% 100%
Fjöldi svarenda	41	18,5%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	181	81,5%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Tafla 12 sýnir að mikill meirihluti (93,5%) þeirra svarenda sem tóku afstöðu til spurningarinnar hvort þau höfðu upplifað að aðrir fjölskyldumeðlimir, eldri en 18 ára, hefðu beitt þau líkamlegu ofbeldi höfðu ekki upplifað neitt af þeim atriðum sem kvarðinn tók til. Flest, eða sex manneskjur (3,2%) höfðu upplifað að hafa verið hrint, þau hárreitt eða snúið upp á handlegginn á þeim. Tæplega 3% höfðu upplifað að hafa verið slegin, bitin, sparkað í eða barin og sömuleiðis höfðu tæplega 3% reynslu af því að hlutum hafi verið hent í þau eða í áttina til þeirra svo þau upplifðu sér ógnað. Tíðni annarra þátta mældist um eða undir 2%.

**Tafla 12. Hefur einhvern tímann komið fyrir þig að annar fjölskyldumeðlimur 18 ára eða eldri hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Hrint, hárreitt, þrifið í þig eða snúið upp á handlegginn á þér?	6	3,2%	2,5%	3,2%
Slegið þig, sparkað, bitið eða barið þig?	5	2,7%	2,3%	2,7%
Hent í þig hlutum eða í áttina að þér sv o þér fannst þér ógnað?	5	2,7%	2,3%	2,7%
Unnið einhverjum mein sem þér þykir vænt um eða hótad þv í?	4	2,2%	2,1%	2,2%
Komið í veg fyrir að þú gætir komið/farið þegar þú vildir?	2	1,1%	1,5%	1,1%
Beitt eða hótad þér með hnífi, byssu eða öðrum hlut?	2	1,1%	1,5%	1,1%
Tekið þig kyrkingartaki eða reynt að kæfa þig eða brenna (t.d. með vökva)?	1	0,5%	1,1%	0,5%
Þvingað þig til að taka lyf eða flíkniefni?	0	0,0%	0,0%	0,0%
Komið í veg fyrir að þú gætir tekið nauðsynleg lyf?	0	0,0%	0,0%	0,0%
Ekkert af ofangreindu	174	93,5%	3,5%	93,5%
Alls	199	107,0%		
Fjöldi svarenda	186	83,8%		
Vil ekki svара	36	16,2%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Ekki var unnt að bakgrunnsgreina þolendur líkamlegs ofbeldis af hálfu annarra fjölskyldumeðlima en foreldris eða maka þar sem um of fáa einstaklinga er að ræða. Hins vegar sýna viðaukatöflur 59-65 tíðni hveurrar birtingarmyndar líkamlegs ofbeldis sem kemur fyrir í töflu 12 að ofan.

Tafla 13 veitir upplýsingar um kyn gerenda, þ.e.a.s. fjölskyldumeðlima eldri en 18 ára (aðrir en maki og foreldri) sem beittu líkamlegu ofbeldi. Átta karlar og sex konur voru gerendur.

**Tafla 13. Líkamlegt ofbeldi: Kyn gerenda – annar fjölskyldumeðlimur**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	8	66,7%	26,7%	66,7%
Kona	6	50,0%	28,3%	50,0%
Kvár	0	0,0%	0,0%	0,0%
Annað	0	0,0%	0,0%	0,0%
Alls	14	116,7%		0% 100%
Fjöldi svarenda	12	5,4%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	210	94,6%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Tafla 14 sýnir upplifun af líkamlegu ofbeldi af hendi fyrrverandi maka. Meirihluti þeirra sem svöruðu spurningunni merktu ekki við neitt af atriðunum sem var tilgreint, eða tæplega 72%. Af þeim sem höfðu upplifað líkamlegt ofbeldi höfðu flestir, eða 13%, upplifað að fyrrverandi maki hafi komið í veg fyrir að þolandi hafi getað komið/farið að vild og jafnmargir að fyrrverandi maki hafi slegið, sparkað, bitið eða barið þolanda. Ríflega 11% höfðu reynslu af því að hafa verið hrint, hárreitt, þrifið í eða snúið upp á handlegginn á og tæp 10% höfðu reynslu af því að fyrrverandi maki hafi hent í þau hlutum eða í áttina að þeim svo þau upplifðu ógnun. Um 6% þátttakenda merktu við að fyrrverandi maki hefði tekið sig kyrkingartaki eða reynt að kæfa sig eða brenna. Tæplega 3% svarenda eða færri merktu við önnur atriði sem spurt var um.

**Tafla 14. Hefur einhvern tímenn komið fyrir þig að fyrrverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þú varst að hitta/„deita“ hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**




	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-		
Komið í veg fyrir að þú gætir komið/farið þegar þú vildir?	24	13,0%	4,9%		13,0%
Slegið þig, sparkað, bitið eða barið þig?	24	13,0%	4,9%		13,0%
Hrint, hárreitt, þrifð í þig eða snúið upp á handlegginn á þér?	21	11,4%	4,6%		11,4%
Hent í þig hlutum eða í áttina að þér svo þér fannst þér ógnað?	18	9,8%	4,3%		9,8%
Tekið þig kyrkingartaki eða reynt að kæfa þig eða brenna (t.d. með vökva)?	11	6,0%	3,4%		6,0%
Þvingað þig til að taka lyf eða flíkiefni?	5	2,7%	2,3%		2,7%
Unnið einhverjum mein sem þér þykir vænt um eða hótad því?	4	2,2%	2,1%		2,2%
Beitt eða hótad þér með hnífi, byssu eða öðrum hlut?	3	1,6%	1,8%		1,6%
Komið í veg fyrir að þú gætir tekið nauðsynleg lyf?	2	1,1%	1,5%		1,1%
Ekkert af ofangreindu	132	71,7%	6,5%		71,7%
Alls	244	132,6%			
Fjöldi svarenda	184	82,9%			
Vil ekki svara	38	17,1%			
Á ekki við	16	7,2%			
Heildarfjöldi	222	100,0%			

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Í viðaukatöflu 66 eru svörin í töflu 14 greind eftir bakgrunni þátttakenda. Þegar kyn svarenda er skoðað sést að hlutfall þolenda sem merkti við eitthvað atriðanna í kvarðanum er hæst í hópi kvára og þeirra sem skilgreina kyn sitt „á annan hátt“. Næsthæst er hlutfallið hjá konum en lægst hjá körlum. Ef horft er til kynvitundar þá merkti ríflega helmingur svarenda sem eru ekki sískynja við atriði á kvarðanum en sama á við tæplega fjórðung sískynja svarenda (sjá töflu 66 í viðauka). Í töflum 67-75 í viðauka má sjá tíðni hvernar birtingarmyndar líkamlegs ofbeldis úr töflu 14.

Líkt og tafla 15 sýnir voru fyrrverandi makar sem höfðu beitt svarendur líkamlegu ofbeldi í flestum tilfellum karlar, alls 30 manns, en 23 gerendur voru konur og tveir voru kvár.

**Tafla 15. Líkamlegt ofbeldi: Kyn gerenda – fyrrverandi maki**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	30	57,7%	13,4%	 57,7%
Kona	23	44,2%	13,5%	 44,2%
Kvár	2	3,8%	5,2%	 3,8%
Annað	0	0,0%	0,0%	0,0%
Alls	55	105,8%		0% 100%
Fjöldi svarenda	52	23,4%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	170	76,6%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Í töflu 16 má sjá greiningu svara við því hvort þátttakendur hafi reynslu af líkamlegu ofbeldi af hendi núverandi maka. Mikill meirihluti svarenda sagði núverandi maka ekki hafa beitt því líkamlega ofbeldi sem spurt var um, eða 93,3%. Nokkrir þátttakendur höfðu reynslu af því að núverandi maki hafi hent hlutum í áttina að þeim, hrint, hárreitt, þrifið í sig eða snúið upp á handlegginn á þeim og/eða upplifað að vera slegin, sparkað í, bitin eða barin.

**Tafla 16. Hefur einhvern tímann komið fyrir þig að núverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þú ert að hitta/„deita“ hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**




	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
Hent í þig hlutum eða í áttina að þér svo þér fannst þér ógnað?	3	2,0%	2,3%
Hrint, hárreitt, þrifð í þig eða snúið upp á handlegginn á þér?	3	2,0%	2,3%
Slegið þig, sparkað, bitið eða barið þig?	3	2,0%	2,3%
Komið í veg fyrir að þú gætir komið/farið þegar þú vildir?	2	1,3%	1,8%
Þvingað þig til að taka lyf eða fíkniefni?	1	0,7%	1,3%
Tekið þig kyrkingartaki eða reynt að kæfa þig eða brenna (t.d. með vökva)?	1	0,7%	1,3%
Beitt eða hótad þér með hnífi, byssu eða öðrum hlut?	1	0,7%	1,3%
Unnið einhverjum mein sem þér þykir vænt um eða hótad þv í?	1	0,7%	1,3%
Komið í veg fyrir að þú gætir tekið nauðsynleg lyf?	0	0,0%	0,0%
Ekkert af ofangreindu	139	93,3%	4,0%
Alls	154	103,4%	
Fjöldi svarenda	149	67,1%	
Vil ekki svara	11	5,0%	
Á ekki við	62	27,9%	
Heildarfjöldi	222	100,0%	

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Ekki var gerð bakgrunnsgreining á þolendum líkamlegs ofbeldis af hendi núverandi maka þar sem um fá einstaklinga er að ræða. Í töflum 76-83 í viðauka er birt tíðni hverrar birtingarmyndar líkamlegs ofbeldis úr töflu 16.

Í töflu 17 má sjá kyn núverandi maka sem beittu líkamlegu ofbeldi. Gerendur samanstóðu af fimm körlum, fjórum konum og einu kvári.

**Tafla 17. Líkamlegt ofbeldi: Kyn gerenda – núverandi maki**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	5	50,0%	31,0%	 50,0%
Kona	4	40,0%	30,4%	 40,0%
Kvár	1	10,0%	18,6%	 10,0%
Annað	0	0,0%	0,0%	0,0%
Alls	10	100,0%	0%	
Fjöldi svarenda	10	4,5%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	212	95,5%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

### Kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi var mælt með fjögurra atriða kvarða. Í töflu 18 má sjá spurningar kvarðans og niðurstöður greiningar á því hvort þátttakendur höfðu reynslu af því að fyrrverandi maki hafi beitt þá einni eða fleiri tegundum kynferðislegs ofbeldis. Alls tóku 184 þátttakendur afstöðu til spurninga kvarðans. Af þeim hafði meirihluti ekki reynslu af neinu atriðanna sem kvarðinn tók til eða ríflega 70%. Flestir, eða tæplega 23% höfðu upplifað að vera sýnd ógnandi hegðun í kynlífi eða að gerðir hafi verið hlutir við þau sem þau kærðu sig ekki um. Álíka hlutfall, ríflega 22%, hafði verið þvingað eða gerð tilraun til að þvinga þau til að stunda kynlíf, þar með talið með öðrum. Talsvert færri höfðu reynslu af því að fyrrverandi maki hótaði eða birti opinberlega nektar-/kynlífsmyndir eða myndbönd eða sendi slíkt efni til vina eða vinnufélaga (4,3%). Tæp 3% höfðu verið þvinguð af fyrrverandi maka til áhorfs á grófu myndefni, t.d. klámi eða pyntingum.

**Tafla 18. Hefur einhvern tímann komið fyrir þig að fyrrverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þú varst að hitta/„deita“ hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-		
Sýnt þér ógnandi hegðun í kynlífi eða gert hluti við þig sem þú kærðir þig ekki um?	42	22,8%	6,1%		22,8%
Þvingað þig (eða reyndi að þvinga) til að stunda kynlíf, þar með talið kynlíf með öðrum?	41	22,3%	6,0%		22,3%
Hótað eða birt opinberlega nektar-/kynlífsmyndir eða myndbönd af þér, eða sendi til vina eða vinnufélaga?	8	4,3%	2,9%		4,3%
Þvingað þig til áhorfs á grófu myndefni, t.d. klámi eða pynningum?	5	2,7%	2,3%		2,7%
Ekkert af ofangreindu	129	70,1%	6,6%		70,1%
Alls	225	122,3%			
Fjöldi svarenda	184	82,9%			
Vil ekki svara	22	9,9%			
Á ekki við	16	7,2%			
Heildarfjöldi	222	100,0%			





Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Bakgrunn þeirra sem höfðu upplifað kynferðislegt ofbeldi af hálfu fyrrverandi maka er að finna í töflu 84 í viðauka. Taflan sýnir tölvuerðan mun á kynjum, þar sem ríflega helmingur kvára og þeirra sem skilgreindu kyn sitt „annað“ merktu við að hafa upplifað eitthvað af atriðunum á kvarðanum en þriðjungur kvenna gerði hið sama og tæplega fimmtungur karla. Að sama skapi er munur á svörum eftir kynvitund þar sem fjórðungur sískynja þátttakenda merkti við atriði á kvarðanum en rúmlega helmingur þeirra sem ekki eru sískynja. Samkynhneigðir svarendur merktu síður við atriði á kvarðanum en þeir sem ekki voru samkynhneigðir og svarendur í elsta aldurshópnum (50 ára og eldri) merktu síður við atriði en yngri svarendur. Töflur 85-88 í viðauka sýna tíðni hvernar birtingarmyndar kynferðislegs ofbeldis úr töflu 18, af hálfu fyrrverandi maka.

Í töflu 19 má sjá kyn gerenda, fyrrverandi maka þátttakenda. Mikill meirihluti gerenda kynferðislegs ofbeldis voru karlar eða 44 manns. Fjöldi kvenna í hópi gerenda var 16, tveir voru kvár og kyn eins var skilgreint sem „annað“.








**Tafla 19. Kynferðislegt ofbeldi: Kyn gerenda – fyrrverandi maki**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-		
Karl	44	81,5%	10,4%		81,5%
Kona	16	29,6%	12,2%		29,6%
Kvár	2	3,7%	5,0%		3,7%
Annað	1	1,9%	3,6%		1,9%
Alls	63	116,7%			
Fjöldi svarenda	54	24,3%			
Vil ekki svara	1	0,5%			
Á ekki við	167	75,2%			
Heildarfjöldi	222	100,0%			

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Greining á svörum þátttakenda eftir því hvort þeir hefðu reynslu af því að núverandi maki hafi beitt þá kynferðislegu ofbeldi má sjá í töflu 20. Líkt og taflan sýnir hafði einn þátttakenda reynslu af því að hafa verið þvingaður til áhorfs á grófu myndefni, t.d. klámi eða pyntingum en 148 af 149 þátttakendum sem voru í sambandi og tóku afstöðu til spurningarinnar höfðu ekki upplifað kynferðislegt ofbeldi af hálfu núverandi maka.

**Tafla 20. Hefur einhvern tímann komið fyrir þig að núverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þú ert að hitta/„deita“ hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-		
Þvingað þig (eða reyndi að þvinga) til að stunda kynlíf, þar með talið kynlíf með öðrum?	1	0,7%	1,3%		0,7%
Sýnt þér ógnandi hegðun í kynlífi eða gert hluti við þig sem þú kærðir þig ekki um?	0	0,0%	0,0%		0,0%
Þvingað þig til áhorfs á grófu myndefni, t.d. klámi eða pyntingum?	0	0,0%	0,0%		0,0%
Hótað eða birt opinberlega nektar-/kynlífsmyndir eða myndbönd af þér, eða sendi til vina eða vinnufélaga?	0	0,0%	0,0%		0,0%
Ekkert af ofangreindu	148	99,3%	1,3%		99,3%
Alls	149	100,0%			
Fjöldi svarenda	149	67,1%			
Vil ekki svara	11	5,0%			
Á ekki við	62	27,9%			
Heildarfjöldi	222	100,0%			

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Þar sem aðeins var um eitt tilfalli núverandi maka að ræða sem beitti kynferðislegu ofbeldi var ekki gerð nánari bakgrunnsgreining í viðauka og ekki gerð kynjagreining á gerendum.

## Stafrænt ofbeldi

Stafrænt ofbeldi var mælt í tveggja atriða kvarða. Spurt var annars vegar hvort einhver hafi áreitt þátttakendur með skilaboðum (t.d. sms eða á samfélagsmiðlum) eða hringt stanslaust, eða hvort fylgst hafi verið með samskiptum þátttakenda á einhvern hátt í síma eða á samfélagsmiðlum. Fyrst má sjá greiningu á svörum vegna fyrrverandi maka þátttakenda. Líkt og tafla 21 sýnir sögðu flestir þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar fyrrverandi maka ekki hafa beitt stafrænu ofbeldi eða tæp 69%. Flestir sem upplifað höfðu stafrænt ofbeldi eða 24% höfðu reynslu af áreitni með skilaboðum og tæp 21% höfðu reynslu af því að fylgst var með samskiptum þeirra í síma eða á samfélagsmiðlum.

**Tafla 21. Hefur einhvern tímann komið fyrir þig að fyrrverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þú varst að hitta/„deita“ hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-		
Áreitti þig með skilaboðum (t.d. sms eða á samfélagsmiðlum) eða hringdi stanslaust?	44	24,0%	6,2%		24,0%
Fylgdist á einhvern hátt með samskiptum þínum í síma eða á samfélagsmiðlum?	38	20,8%	5,9%		20,8%
Ekkert af ofangreindu	126	68,9%	6,7%		68,9%
Alls	208	113,7%			
Fjöldi svarenda	183	82,4%			
Vil ekki svара	23	10,4%			
Á ekki við	16	7,2%			
Heildarfjöldi	222	100,0%			

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Tafla 90 í viðauka sýnir bakgrunn þeirra sem höfðu upplifað að fyrrverandi maki beitti stafrænu ofbeldi. Um 18% karla merktu við eitthvað af þeim atriðum sem spurt var um, en hið sama gerðu tæp 38% kvenna og tæp 48% kvára og svarenda sem skilgreindu kyn sitt sem „annað“. Að sama skapi merktu 29,3% sískynja þátttakenda við að hafa upplifað þá stafrænu ofbeldishegðun sem spurt var um en það sama átti við 45,5% þátttakenda sem ekki voru sískynja. Samkynhneigðir svarendur merktu síður við atriði á listanum en þau sem ekki voru samkynhneigð. Fólk í elsta aldurshópnum (50 ára og eldri) var talsvert ólíklegra til að hafa upplifað slíka hegðun en fólk í yngri hópnum. Í töflum 91-92 í viðauka má sjá greiningu á tíðni stafræns ofbeldis af hálfu fyrrverandi maka.

Í töflu 22 hér fyrir neðan er greining á kyni gerenda. Þegar kyn gerenda, fyrrverandi maka, var greint kom í ljós að meirihluti þeirra voru karlar, 40 manns, en 23 gerendur voru konur.

**Tafla 22. Stafrænt ofbeldi: Kyn gerenda – fyrrverandi maki**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	40	70,2%	11,9%	70,2%
Kona	23	40,4%	12,7%	40,4%
Kvár	0	0,0%	0,0%	0,0%
Annað	0	0,0%	0,0%	0,0%
Alls	63	110,5%		0% 100%
Fjöldi svarenda	57	25,7%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	165	74,3%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Tafla 23 sýnir að yfirgnæfandi meirihluti svarenda (95,9%) hafði ekki upplifað af hendi núverandi maka þær tvær birtingarmyndir af stafrænu ofbeldi sem spurt var um. Nokkrir höfðu reynt af því að núverandi maki fylgdist með samskiptum þeirra í síma eða á samfélagsmiðlum.

**Tafla 23. Hefur einhver tímann komið fyrir þig að núverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þú ert að hitta/„deita“ hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Fylgdist á einhvern hátt með samskiptum þínum í síma eða á samfélagsmiðlum?	6	4,1%	3,2%	4,1%
Áreitti þig með skilaboðum (t.d. sms eða á samfélagsmiðlum) eða hringdi stanslaust?	2	1,4%	1,9%	1,4%
Ekkert af ofangreindu	142	95,9%	3,2%	95,9%
Alls	150	101,4%		0% 100%
Fjöldi svarenda	148	66,7%		
Vil ekki svara	12	5,4%		
Á ekki við	62	27,9%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Ekki var gerð bakgrunnsgreining á svörum þátttakenda um stafrænt ofbeldi núverandi maka þar sem um mjög fáa þátttakendur er að ræða en sjá má nánari útlistun á tíðni ofbeldisins í töflum 93-94 í viðauka.

Tafla 24 sýnir kyn núverandi maka sem beittu þátttakendur stafrænu ofbeldi, jafn margir gerendur voru konur og karlar, þrír af hvoru kyni.

**Tafla 24. Stafrænt ofbeldi: Kyn gerenda – núverandi maki**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	3	50,0%	40,0%	50,0%
Kona	3	50,0%	40,0%	50,0%
Kvár	0	0,0%	0,0%	0,0%
Annað	0	0,0%	0,0%	0,0%
Alls	6	100,0%		0% 100%
Fjöldi svarenda	6	2,7%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	216	97,3%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

### Umsátursofbeldi

Umsátursofbeldi var mælt með tveggja spurninga kvarða. Spurt var hvort maki hafi haft eftirlit með þátttakanda með einum eða öðrum hætti og hvort maki hafi elt viðkomandi eða hangið fyrir utan heimili eða vinnustað. Í töflu 25 má sjá greiningu svara um umsáturshegðun fyrrverandi maka. Flestir þátttakanda höfðu ekki upplifað umsátursofbeldi af hálfu fyrrverandi maka eða tæp 76%. Af þeim sem höfðu reynslu af umsátursofbeldi fyrrverandi maka höfðu rúm 22% reynslu af því að fyrrverandi maki hafi haft eftirlit með þeim með einum eða öðrum hætti og rúm 12% höfðu upplifað að hafa verið elt eða að hangið hafi verið fyrir utan heimili þeirra eða vinnustað.

**Tafla 25. Hefur einhvern tímann komið fyrir þig að fyrrverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þú varst að hitta/„deita“ hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Hafði eftirlit með þér með einum eða öðrum hætti?	40	22,1%	6,0%	22,1%
Elti þig eða hékk fyrir utan heimili þitt eða vinnustað?	22	12,2%	4,8%	12,2%
Ekkert af ofangreindu	137	75,7%	6,2%	75,7%
Alls	199	109,9%		0% 100%
Fjöldi svarenda	181	81,5%		
Vil ekki svara	25	11,3%		
Á ekki við	16	7,2%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Bakgrunn þeirra sem svöruðu spurningum um umsátursofbeldi má sjá í töflu 95 í viðauka. Taflan sýnir að konur voru líklegri en fólk af öðrum kynjum til að hafa upplifað þá hegðun sem spurt var um. Fólk í elsta aldurshópnum (50 ára og eldri) hafði síður upplifað það sem spurt var um en yngra fólk. Í töflum 96-97 í viðauka má sjá greiningu á tíðni birtingarmynda umsátursofbeldis af hálfu fyrrverandi maka.

Tafla 26 sýnir kyn gerenda umsátursofbeldis. Flestir gerendur umsátursofbeldis sem voru fyrrverandi makar þátttakenda voru karlar, eða 28 manns. Kvenkyns gerendur voru 19 og kvár voru tvö.

**Tafla 26. Umsátursofbeldi: Kyn gerenda – fyrrverandi maki**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	28	63,6%	14,2%	63,6%
Kona	19	43,2%	14,6%	43,2%
Kvár	2	4,5%	6,2%	4,5%
Annað	0	0,0%	0,0%	0,0%
Alls	49	111,4%		
Fjöldi svarenda	44	19,8%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	178	80,2%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Í töflu 27 má sjá greiningu svara um umsátursofbeldis núverandi maka þátttakenda. Af þeim þátttakendum sem tóku afstöðu til spurningarinnar sögðust flestir eða 94,6% ekki hafa upplifað umsáturseinelti af hálfu núverandi maka. Af þeim sem höfðu reynslu af umsáturseinelti sögðust 4% eða sex manneskjur hafa reynslu af því að núverandi maki hafi haft eftirlit með sér með einum eða öðrum hætti og 2% eða þrjár manneskjur höfðu upplifað að núverandi maki hafi elt sig eða hangið fyrir utan heimili eða vinnustað viðkomandi.

**Tafla 27. Hefur einhvern tímann komið fyrir þig að núverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þú ert að hitta/„deita“ hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Hafði eftirlit með þér með einum eða öðrum hætti?	6	4,1%	3,2%	4,1%
Elti þig eða hékk fyrir utan heimili þitt eða vinnustað?	3	2,0%	2,3%	2,0%
Ekkert af ofangreindu	139	94,6%	3,7%	94,6%
Alls	148	100,7%		
Fjöldi svarenda	147	66,2%		
Vil ekki svara	13	5,9%		
Á ekki við	62	27,9%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

EKKI var hægt að gera bakgrunnsgreiningu á svörum í töflu 27 um umsátursofbeldi núverandi maka vegna þess hve fáir þátttakendur merktu við atriði í kvarðanum. Í töflum 98-99 í viðauka er greining á tíðni birtingarmynda umsátursofbeldis núverandi maka.

Tafla 28 sýnir kyn gerenda. Líkt og sjá má voru fimm gerendur umsáturseineltis karlar og þrjár voru konur.

**Tafla 28. Umsátursofbeldi: Kyn gerenda – núverandi maki**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	5	62,5%	33,5%	62,5%
Kona	3	37,5%	33,5%	37,5%
Kvár	0	0,0%	0,0%	0,0%
Annað	0	0,0%	0,0%	0,0%
Alls	8	100,0%		
Fjöldi svarenda	8	3,6%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	214	96,4%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		


Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

### Fjárhagslegt ofbeldi

Fjárhagslegt ofbeldi var mælt með tveggja spurninga kvarða. Annars vegar var spurt hvort fyrrverandi/núverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þátttakendur eru/voru að hitta/“deita“ hafi gengið á fjármuni þátttakenda t.d. með lánum, upphaldi, greiðslu afþreyingar eða öðru. Hinsvegar var spurt hvort fjármálum þátttakenda hafi verið stýrt, fjármunir þeirra notaðir án samþykkis þátttakenda eða fjárhagslegum upplýsingum eða ákvörðunum haldið frá þeim.

Í töflu 29 má sjá svör við fjárhagslofbeldi fyrrverandi maka. Ríflega 24% þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar höfðu reynslu af því að fyrrverandi maki hafi gengið á fjármuni þeirra, t.d. með lánum, upphaldi, greiðslu afþreyingar eða öðru og 12,4% höfðu upplifað að fjármálum þeirra hafi verið stýrt, fjármunir þeirra notaðir án samþykkis þeirra eða þeim haldið frá fjárhagslegum upplýsingum eða ákvörðunum. Meirihluti svarenda (72,4%) höfðu ekki reynslu af því fjárhagslega ofbeldi sem spurt var um af hendi fyrrverandi maka.

**Tafla 29. Hefur einhver þeim komið fyrir þig að fyrrverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þú varst að hitta/„deita“ hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**



Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Bakgrunn þeirra sem höfðu upplifað fjárhagslegt ofbeldi af hendi fyrrverandi maka má sjá í töflu 100 í viðauka. Karlar höfðu síst upplifað slíkt í sambandi sínu með fyrrverandi maka, en kvár og svarendur sem skilgreindu kyn sitt sem „annað“ höfðu helst upplifað slíkt. Tíðni hjá konum féll á milli karla og kvára/„annað kyn“. Ef litið er til kynhneigðar má sjá að samkynhneigðir svarendur merktu síður en þeir sem ekki voru samkynhneigðir við að hafa upplifað slíka hegðun fyrrverandi maka. Sískynja þátttakendur voru ólíklegri til að merkja við atriði á kvarðanum en þátttakendur sem ekki skilgreindu sig sískynja. Svarendur í elsta aldurshóp (50 ára og eldri) merktu síður við atriðin tvö í kvarðanum en yngri hópar. Töflur 101-102 í viðauka gera grein fyrir tíðni ofbeldisins í töflu 29 að ofan.

Kyn fyrrverandi maka sem beitti fjárhagslegu ofbeldi er sýnt í töflu 30. Gerendurnir voru flestir karlar, eða 33 manns, en 19 voru konur og einn var kvár.

**Tafla 30. Fjárhagslegt ofbeldi: Kyn gerenda – fyrrverandi maki**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	33	66,0%	13,1%	66,0%
Kona	19	38,0%	13,5%	38,0%
Kvár	1	2,0%	3,9%	2,0%
Annað	0	0,0%	0,0%	0,0%
Alls	53	106,0%		
Fjöldi svarenda	50	22,5%		
Vil ekki svara	1	0,5%		
Á ekki við	171	77,0%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Tafla 31 sýnir tíðni fjárhagslegs ofbeldis af hálfu núverandi maka, kærast/a/i eða fólks sem þátttakendur voru að hitta/deita þegar þeir svöruðu könnuninni. Sjá má að mikill meirihluti þátttakenda, eða 96%, hafði ekki reynslu af því að núverandi maki beiti fjárhagslegu ofbeldi. Sex manns (4%), höfðu reynslu af því að núverandi maki hafi gengið á fjármuni þeirra með lánnum, upphaldi, greiðslu afþreyingar eða öðru og ein manneskja hafði reynslu af því að núverandi maki stýrði fjármálum viðkomandi.

**Tafla 31. Hefur einhver tímenn komið fyrir þig að núverandi maki, kærast/a/i eða einhver sem þú ert að hitta/„deita“ hafi sýnt þér eftirfarandi framkomu:**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Gekk á þína fjármuni, t.d. með lánnum, upphaldi, greiðslu afþreyingar eða öðru?	6	4,0%	3,2%	4,0%
Stýrði fjármálum þínum, notað þína fjármuni án þíns samþykkis eða hélt þér frá fjárhagslegum upplýsingum eða ákvörðunum?	1	0,7%	1,3%	0,7%
Ekkert af ofangreindu	143	96,0%	3,2%	96,0%
Alls	150	100,7%		
Fjöldi svarenda	149	67,1%		
Vil ekki svara	11	5,0%		
Á ekki við	62	27,9%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

Ekki var gerð bakgrunnsgreining á þáttum í töflu 31 vegna þess hve fáir svarendur merktu við þættina en töflur 103-104 í viðauka sýna nánar tíðni fjárhagslegs ofbeldis núverandi maka.

Tafla 32 sýnir kyn núverandi maka sem beitti fjárhagslegu ofbeldi. Fimm gerendur voru karlar og ein manneskja var kona.



**Tafla 32. Fjárhagslegt ofbeldi: Kyn gerenda – núverandi maki**


	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	5	83,3%	29,8%	83,3%
Kona	1	16,7%	29,8%	16,7%
Kvár	0	0,0%	0,0%	0,0%
Annað	0	0,0%	0,0%	0,0%
Alls	6	100,0%		0% 100%
Fjöldi svarenda	6	2,7%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	216	97,3%		
Heildarfjöldi	222	100,0%		

Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

### Leit eftir aðstoð vegna ofbeldis

Loks voru þátttakendur spurðir hvort og þá hvar þeir hafi leitað sér aðstoðar vegna erfiðra samskipta/ofbeldisins sem þau höfðu upplifað. Tafla 33 sýnir niðurstöður greiningar. Líkt og taflan sýnir leituðu flest þau sem höfðu upplifað erfið samskipti og/eða ofbeldi sér aðstoðar hjá vinum, fjölskyldumeðlimi eða ættingja eða 52,6%. Næstflest leituðu til sálfræðings eða félagsráðgjafa eða 42,2%. Þau sem leituðu aðstoðar hjá Stígamótum voru ríflega 12%, þau sem leituðu til Samtakanna '78 voru 9,7% og tæp 8% leituðu til Bjarkahlíðar. Tæp 4% höfðu leitað til lögreglu. Tæp 30% höfðu ekki leitað sér aðstoðar.

**Tafla 33. Leitaðir þú aðstoðar hjá einhverjum vegna erfiðu samskiptanna eða ofbeldisins sem þú varðst fyrir?**



Hér var hægt að velja fleiri en einn svarmöguleika, því geta svör verið fleiri en svarendur.

## **Opin spurning**

Í lok netkönnunarinnar var opin spurning þar sem þátttakendum var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um könnunina og efni hennar. Alls nýttu 28 þátttakendur opnu spurninguna til að koma athugasemdum á framfæri. Hér verður gerð grein fyrir helstu atriðum sem fram komu í opnum svörum.

## **Athugasemdir**

Þátttakendur nýttu spurninguna á mismunandi hátt og komu á framfæri allt frá almennum til efnislegra athugasemda. Í umsögnum þátttakenda kom m.a. fram að þau væru „þakklát fyrir að þessi könnun [hafi farið] fram“ og að „þetta [væri] ótrúlega mikilvægt framtak!“. Á sama tíma lýstu aðrir þátttakendur yfir efasemdum sínum um könnunina, sögðu hana ýmist „alltof [langa]“ eða ekki taka til nógu margra þátta svo eitthvað sé nefnt.

## **Ábendingar**

Í opnu svörunum komu ýmsar gagnlegar ábendingar fram sem vert er að hafa til hliðsjónar við gerð frekari rannsókna í málaflokknum. Þar má nefna ábendingar um mikilvægi þess að kortleggja áreitni sem hinsegin fólk verður fyrir í almennu rými svo sem á vinnustöðum og skemmtistöðum. Aðrar athugasemdir gáfu vísbendingar um mikilvægi þess að gera ítarlegri rannsóknir sem gera það kleift að kafa dýpra í þætti sem falla undir ofbeldi sem hinsegin fólk verður fyrir. Þannig megi t.d. skoða óbeint eða falið ofbeldi sem á sér stað meðal hinsegin fólks, bæði í nánnum samböndum og einnig í fjölskyldum þar sem gerendur geta verið „foreldrar“, „systkini“ og fleiri aðilar. „Systkina ofbeldi er eitt algengasta ofbeldið gagnvart börnum en minnst rannsakað“ segir t.a.m. einn þátttakandi. Mikilvægi þess að gera nánari rannsóknir meðal þolenda og gerenda ofbeldis í hinsegin samfélaginu, sem og ólíkum birtingarmyndum þess ofbeldis sem er beitt, var undirstrikað í svörum þeirra þátttakenda sem kusu að tjá sig í opinni spurningu.

## **Samfélagsleg þróun**

Þá mátti í orðum þátttakenda greina nokkur stef sem markað hafa þá þróun og vitundarvakningu um ofbeldi í nánnum samböndum sem átt hefur sér stað undangengna áratugi í samfélaginu, bæði meðal hinsegin fólks og fólks sem ekki er hinsegin. Þöggun á ofbeldi og skömm þolenda sem lengi var ríkjandi í samfélaginu og markaði líf fólks og gerðu „þögn og sjálfshatur [að] ferðafélaga“ þolenda, hefur vikið fyrir opinni umræðu og um leið hafa möguleikar fólks til að lifa í „gleði og sátt“ við sjálft sig og samfélagið aukist. Með opinni

umræðu felst möguleiki á því að skilgreina ofbeldi og átta sig á eigin þolendastöðu, jafnvel „mörgum árum“ eða „áratugum“ seinna.

### **Fræðsla**

Nokkrar ábendingar komu fram í opnum svörum könnunarinnar um „þörf á aukinni fræðslu um ofbeldi í nánum samböndum hjá hinsegin fólki“ og úrræðum vegna ofbeldis meðal hinsegin fólks. Fram kom að þörf er á að „staðalímyndir [sému] tæklaðar fyrir fagaðila og fólk innan hinsegin samfélagsins“. Þátttakandi benti t.d. á að „það er t.d. ákveðin staðalímynd um að samkynhneigð sambönd séu stormasöm og ofbeldi innan þeirra er því oft bara stimplað sem eitthvað drama“. Með öðrum orðum standa staðalímyndir um hinsegin samfélagið og innan þess í vegi fyrir því að tekið sé á ofbeldismálum.

Eðli málsins samkvæmt var mikilvægi þess að vandað sé til verka í meðhöndlun málaflokksins ítrekað í opnu svörinum og bent á, m.a., að hinsegin fólk „vill ekki að fordómar hjá sís straight fólki aukist gagnvart hinsegin fólki ef sagt er frá ofbeldi“ á sama tíma og „hinsegin samfélagið á Íslandi er svo lítið [...] að það gerir [fólki] erfitt að segja frá [ofbeldi]“. Þörfin á fræðslu, upplýstri umræðu og viðurkenningu á vandanum sem almennu, félagslegu vandamáli er þannig lykilatriði fyrir alla málsaðila og samfélagið í heild sinni.

Í könnuninni var undirstrikað sérstaklega að fagaðilar þyrftu uppfræðslu og að það ætti ekki að vera í verkahring þolenda að fræða fagaðila og þeim ætti ekki að vera boðin sú staða að mæta mögulega fordómum þegar þeir reyna að opna sig um sína erfiðu reynslu:

*Ég hafði samband við Stígamót og spurði hvort einhver ráðgjafi þar hefði reynslu eða þekkingu á ofbeldi í nánum samböndum hinsegin fólks en var sagt að svo væri ekki. Mér var þó boðið að þanta samt tíma en afþakkaði það. Ég vildi ekki þurfa að útskýra og fræða ráðgjafa og var hrædd við að mæta fordómum sem ég hafði nú þegar mætt annars staðar þegar ég opnaði mig um það sem gerðist.*

## Hinseginspjallið

Könnun með opnum spurningum var lögð fyrir þátttakendur í umræðuhópnum Hinseginspjallið á Facebook. Spurningarnar tóku mið af niðurstöðum netkönnunarinnar, sem greint var frá að framan, sem leiddi í ljós að stór hluti þátttakenda sem hafði upplifað ofbeldi leitaði sér ekki aðstoðar hjá fagaðilum vegna ofbeldisins. Þar að auki kölluðu þátttakendur eftir aukinni fræðslu fyrir fagfólk og úrræðum fyrir þolendur. Könnunin með opnu spurningunum fyrir Hinseginspjallið var því nýtt til þess að fá fram sýn þátttakenda á almenn viðhorf til ofbeldis meðal hinsegin fólks og hvaða fræðslu og úrræði það telur vanta.

Spurningar könnunarinnar voru eftirfarandi:

1. Finnst þér ofbeldi í hinsegin samböndum litið öðrum augum en ofbeldi í samböndum sem eru ekki hinsegin? Ef svo er, á hvaða hátt?
2. a) Hvaða hagnýtu upplýsingar og fræðslu skortir meðal fagaðila og opinberra aðila til þess að gera móttöku og úrræði fyrir þolendur ofbeldis meðal hinsegin fólks betri?  
b) Hverjir ættu að þínu mati að standa fyrir fræðslunni?
3. Getur þú nefnt dæmi um aðgengileg úrræði eða aðgerðir sem myndu nýtast hinsegin þolendum en eru ekki til staðar?

Alls luku 19 manns við könnunina. Fjórir til viðbótar svöruðu fyrstu spurningunni. Öll svör sem bárust voru nýtt í greiningu. Niðurstöður úr greiningum svara við spurningunum er að finna hér fyrir neðan.

### Greining gagna

1. Finnst þér ofbeldi í hinsegin samböndum litið öðrum augum en ofbeldi í samböndum sem eru ekki hinsegin? Ef svo er, á hvaða hátt?

Nokkrir þátttakenda svöruðu fyrstu spurningunni neitandi en flestir voru sammála því að ofbeldi í nánnum samböndum hinsegin fólks „sé minna viðurkennt en þegar um er að ræða sískynja gagnkynhneigt samband“ líkt og einn tók til orða. Ástæðurnar töldu þátttakendur flestar hverfast um „heterónormatívar hugmyndir um ofbeldi í nánnum samböndum“ og hefðbundnar staðalímyndir um tvö kyn sem útilokar sjálfkrafa nán sambönd fleiri kynja, kynhneigða, kynvitunda o.s.frv., þar sem ofbeldi gæti einnig þrífist.

Hugmyndir um ofbeldi í nánnum samböndum eru nátengdar félagslegum hugmyndum um gagnkynja sambönd. Í augum margra einskorðast hugmyndir um ofbeldi í nánnum samböndum

við líkamlegt ofbeldi þar sem gerandinn (karlinn) býr yfir meiri styrk en þolandinn (konan) eða með orðum eins þátttakanda:

*Í gagnkynja samböndum hugsar fólk líklega oft til tölfraðinnar og er með ákveðna fordóma út frá þeim um hvernig ofbeldi í gagnkynja samböndum lítur út, eins og að karlar beiti oftar líkamlegu ofbeldi. En það er kannski ekki jafn augljóst í samkynja og öðrum hinsegin samböndum og því mögulega líklegra að það sé ekki tekið alvarlega.*

Með öðrum orðum takmarkast almennur skilningur á ofbeldi í nánnum samböndum við líkamlegt ofbeldi sem beitt er af síis körlum gegn síis konum.

Ofbeldi í nánnum hinsegin samböndum er aftur á móti handan umræðu og þar með almennrar vitundar um hvernig það birtist eða jafnvel fyrirfinnist yfir höfuð. Sem dæmi segir einn þátttakanda að „[sér finnist stundum] að það sé í gangi einhver goðsögn hjá vinveittu cis og het fólk um að hinsegin sambönd séu svo flott og glæsileg og miklar fyrirmyndir“.

Félagslegar hugmyndir um karla og konur, og gagnkynhneigð nán sambönd þar sem ofbeldi er möguleiki, móta þannig hugmyndir um andstæðu sína, ofbeldislaus hinsegin sambönd, sem hinsegin fólk heldur jafnvel á lofti:

*Við höfum mjög kynjaðar, heterónormatívar hugmyndir um ofbeldi í nánnum samböndum og tölum oft um slíkt ofbeldi á hátt sem útilokar alveg tilvist þess innan hinsegin sambanda. Hinsegin fólk er í þeirri stöðu að vera í „samstöðu“ með gerendum sínum í krafti sameiginlegrar jaðarsetningar á hátt sem letur þolendur mjög til að „segja til“ gerenda sinna. Og hinsegin fólk upplifir mikla pressu á að vera „til fyrirmynda“ og þar með að sýna að sambönd okkar séu ekki bara jafn góð og gild og heterósambönd, heldur betri.*

Mýtunni um nán, ofbeldislaus hinsegin sambönd er með öðrum orðum viðhaldið, sem heldur viðurkenningu á vandanum sjálfkrafa niðri. Á sama tíma eru hugmyndir um nán hinsegin sambönd fljótandi og flóknari en svo að þau standi í einfaldri andstæðu við gagnkynhneigð sambönd. Þó hugtakið hinseginleiki sé einfalt hugtak yfir fólk sem er ekki gagnkynhneigt er það um leið samheiti yfir mörg kyn og fjölbreyttar kynhneigðir, kyneinkenni, kynvitundir og kyntjningar. Gerð náinna hinsegin sambanda er einnig fjölbreytt og lýtur öðrum lögmálum en hefðbundin gagnkynhneigð sambönd, og það sama á við um birtingarmyndir erfiðrar hegðunar og ofbeldi innan náinna hinsegin sambanda.

Viðbrögðin við frásögnum hinsegin fólks af eigin upplifunum af ofbeldi einkennast eftir sem áður af heterónormatívum meginstraumshugmyndum um karla og konur, nán sambönd þeirra og ofbeldi innan þeirra. Þannig fá hinsegin „karlkyns þolendur að heyra að þeir hefðu mátt búast við því af hendi karlmanna“ að verða fyrir ofbeldi og hinsegin „kvenkyns þolendur og gerendur fá „konur gera það ekki“ viðbrögð“, segja tveir þátttakanda. „Já og þolendur ofbeldis

í BDSM samböndum geta yfirleitt sjálfum sér um kennt. Þau fíla þetta hvort eð er“ segir sá þriðji. Heildarniðurstaðan er sú að „það [ofbeldi í nánnum samböndum hinsegin fólks] er tekið minna alvarlega. Það er líka verulega ábótavant að lögregla heldur ekki utan um tölur þegar um heimilisofbeldi hinsegin fólks er að ræða“ bendir þátttakandi á, sem hluta af þöggun vandans, og kallar þar með eftir opinberu utanumhaldi og viðurkenningu á vandanum.

Ríkjandi, félagslegar hugmyndir um nánin sambönd fólks eru í stuttu máli spyrta aldagömlum staðalmyndum sem erfitt virðist að hreyfa við, enda falin í félagslegum viðmiðum:

*Það gæti verið erfiðara að tala um það því það fellur ekki undir þessi hefðbundnu kynjanorm og þess vegna gæti verið erfitt að koma auga á það í þokkabót. Ég hef ekki orðið fyrir ofbeldi en gæti trúað að það taki á sig aðrar birtingarmyndir eins og stjórnun, afbrýðisemi, þvingun til þess að vera í lokuðu / opnu sambandi gegn vilja, fordómar t.d. lesbíur gegn bi-konum o.s.frv.*

Í orðum þátttakanda má greina, að ofbeldi í nánnum samböndum hinsegin fólks er bæði falið og fellur auk þess utan félagslegra samþykkttra birtingarmynda s.s. líkamlegs ofbeldis karla gegn konum. Minna viðurkennt ofbeldi er ofbeldi sem konur beita því það er „minna gert úr ofbeldi kvenna“ hvort sem það er líkamlegt eða andlegt ofbeldi. Andlegt ofbeldi er þess utan óáþreifanlegra og hefur til þessa ekki hlotið jafn mikla samfélagslega umfjöllun og viðurkenningu og líkamlegt ofbeldi, almennt.

„Svo er bara þetta að í augum svo margra erum við ekki til og þau sem ekki eru til verða ekki fyrir ofbeldi“, segir enn einn þátttakandi og gefur með orðum sínum innsýn í óviðurkenndan, falinn og flókinn veruleika hinsegin samfélagsins sem er í stöðugri mótun, en hefur enn ekki fest sig í sessi sem viðurkenndur hluti samfélagsins. Hinseginleiki hópsins ögrar gildandi viðmiðum og setur um leið réttindi hinsegin fólks á flot. „Kvórar og trans fólk, hvort svo sem gerendur eða þolendur, eru niðurlægð“ segir þátttakandi og annar segir: „Sem trans einstaklingur er oft upplifunin að maður eigi bara að vera þakklátur að einhver vilji mann og mörk séu oft auka atriði“. Með orðum sínum staðfestir þátttakandinn hvernig krafan um afslátt á mannréttindum fylgir afhjúpun hinseginleika í samfélagi sem byggir á heterónormatívum gildum.

Margbreytileikinn sem er innbyggður í hinseginleikann felur í sér fjölbreytta flóru fólks, samskipti þess og sambanda þeirra og einnig birtingarmynda ofbeldis í nánnum samböndum og afleiðingar þess.

*Svo eru til margar gerðir af ofbeldi og það mætti alveg flokka einhvers konar stjórnun á kynþjáningu eða öðru tengdu hinseginleikanum sem spes ofbeldistegund. Sú nær þá eingöngu yfir hinsegin fólk. Það veldur annars konar sári ef eikynhneigð manneskja verður*

*fyrir kynferðisofbeldi heldur en einhver annar og það þarf að koma öðruvísi til móts við það sár. Eitthvað sem mig grunar að margir þæli ekkert í — að það sé munur þarna á.*

Af ofangreindu má sjá, að ríkjandi samfélagshugmyndir um nánin sambönd og ofbeldi innan þeirra byggja á heterónormatívu viðmiði sem ekki hefur náðst að afbyggja þannig að hinseginleiki fólks, nánin sambönd þeirra og birtingamyndir ofbeldis innan hinsegin sambanda sé viðurkenndur. Til þess að hægt sé að taka á ofbeldi í nánum hinsegin samböndum þarf vilja og getu allra hlutaðeigandi til þess að útvíkka viðmiðin og opna umræðuna, bæði innan og utan hinsegin samfélagsins.

2. a) Hvaða upplýsingar og fræðslu skortir meðal fagaðila (samtök og opinberir aðilar) til þess að bæta móttöku og úrræði fyrir þolendur ofbeldis meðal hinsegin fólks?

Í svörum þátttakenda við spurningu tvö kom fram að fræðslu um hinseginleika, nánin hinsegin sambönd og ofbeldi innan þeirra er verulega ábótavant. Normatívt, gagnkynhneigt viðhorf lítar alla sýn viðbragðs- og fagaðila á málaflokkinn sem þurfi samkvæmt þátttakendum að gera sér grein fyrir grundvallaratriðum eins og að „heimilisofbeldi [sé] ekki gagnkynhneigt vandamál“ líkt og einn þátttakandi orðar það og „að gerendur eru ekki gerendur vegna kyns eða kynhneigðar og að þolendur eru ekki þolendur vegna kyns eða kynhneigðar“ segir annar. Samkvæmt einum þátttakanda er þekkingarstaðan sú að „margir fagaðilar meðhöndla allt ofbeldi í nánum samböndum sem 100% kynbundið ofbeldi og tala eingöngu um karlkyns gerendur gagnvart kvenkyns þolendum“. Fagfólk þarf að gera sér grein fyrir að „ofbeldi hefur ekkert með kyn eða stærð eða hver beitir því [að gera]“, segir enn einn þátttakandi.

Afbygging ríkjandi, heterónormatívrar sýnar á nánin sambönd og ofbeldi er þannig nauðsynlegur hluti ítarlegrar fræðslu fyrir fagaðila um hinsegin samfélagið, eða með orðum eins þátttakanda:

*Það vantar allverulega uppá hinseginfræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk og viðbragðsaðila. Sú fræðsla sem er í boði er annað hvort bundin við valnámskeið (sem eru ekki í boði fyrir öll) eða einstaka fyrirlestra sem rétt svo ná að klóra í yfirborðið.*

Fræðslan sem hefur verið í boði fyrir fagaðila hefur með öðrum orðum einskorðast við yfirborðfræðslu fyrir fáa. Yfirborðsfræðsla sem þessi getur af sér yfirborðspekkingu sem birtist jafnvel sem pólitískur rétttrúnaður og lýsir sér meðal annars í því að „viðbragðsaðilar eru stundum svo uppteknir við að „virða fjölbreytileikann að horft er fram hjá hefðbundnum rauðum flöggum varðandi ofbeldi“ segir t.d. einn þátttakandi. Þannig má leiða að því líkum að þekking opinberra fagaðila almennt sé á byrjunarreit og takmarkist lágmarksmeðvitund um að bera eigi virðingu fyrir fjölbreytileika meðal fólks, en nái ekki á dýptina.



Ítarlegar „fræðslu um hinseginleikann“ er þörf fyrir fagaðila og viðbragðsaðila að mati þátttakenda, sem forsenda fræðslu um ofbeldi í nánnum samböndum hinsegin fólks. Meðal þeirra atriða sem voru undirstrikuð í svörnum um fræðslu til fag- og viðbragðsaðila í ofbeldismálum hinsegin fólks var „í fyrsta lagi að hinsegin fólk er fólk eins og annað fólk og á oft við samskonar vanda að stríða og öll önnur“ segir einn þátttakandi og annar, að fagaðilar „gef[fi] sér ekki neitt út frá staðalmyndum [heldur] nálgist hlutina á einstaklingsmiðuðum grundvelli“.

Þá þurfi að fræða fagaðila um að ofbeldi í nánnum hinsegin samböndum nái yfir „mismunandi birtingarmynd ofbeldis, valdaójafnvægi [sé] oft á milli aðila sökum kynhneigðar, kyntjáningar, kynvitundar og stöðu í samfélaginu“. Einnig að um mismunandi hópa sé að ræða innan hinsegin samfélagsins og „að hópar [séu] misútsettir, t.d. tvíkynhneigðar konur og trans fólk“. Með öðrum orðum þurfa fagaðilar að vera meðvitaðir um fjölbreyttar, faldar og óhefðbundnar birtingarmyndir ofbeldis í nánnum samböndum hinsegin fólks og slík innsýn þarfnast ítarlegrar fræðslu.

Þá „vantar oft meiri vitundarvakningu um ofbeldi sem getur átt sér stað innan hinsegin samfélags og skömmina sem fylgir“ segir einn þátttakandi og bendir á að um sérlega viðkvæman málaflokk sé að ræða sem ber að nálgast af varúð. Óttinn sem hinsegin einstaklingar takast á við samhliða því að segja frá eigin reynslu af ofbeldi er ekki eingöngu persónubundinn heldur þarf „fólk að vera meðvitað um að hinsegin fólk geti verið hrætt við að segja frá af ótta við að skapa meiri fordóma gegn hinsegin fólki“. Óttinn við að stíga fram og segja frá ofbeldi sem hinsegin einstaklingur er því tvöfaldur; bæði óttinn við persónulega berskjöldun og fordóma og óttinn við fordóma gagnvart hinsegin samfélaginu í heild sinni.

Þátttakendur tóku fram að samhliða gerð allrar fræðslu um ofbeldi í nánnum samböndum hinsegin fólks þurfi að huga að „kynjuðu orðalagi varðandi heimilisofbeldi“ en það orðalag sem tíðkast „er útilokandi fyrir alla þolendur sem falla ekki innan þess ramma“ segir einn þátttakandi. Gera má ráð fyrir að það sama eigi við gerendur. Þá benti einn þátttakandi á að „flest efni er miðað að konum sem verða fyrir ofbeldi af hálfu manns, og [honum] fannst erfitt að skilningurinn væri ekki meiri“, eða að fræðsluefni fyrir þolendur (og gerendur) er bundið ríkjandi staðamyndum um gerendur og þolendur ofbeldis, sem veldur vanlíðan hjá hinsegin þolanda og þarfnast því breytinga.

Í stuttu máli má segja að almennrar vitundarvakningar sé þörf á hinseginleika, nánnum samböndum og ofbeldi í nánnum samböndum hinsegin fólks. Kortleggja þarf nánar flóknar og oft faldar birtingarmyndir ofbeldis í nánnum samböndum hinsegin fólks til þess að mögulegt sé

að veita viðeigandi aðstoð og móta úrræði. Til grundvallar allri útfærslu á fræðslu og fræðsluefni þarf að liggja innsýn og leiðbeiningar hinsegin fólks í eigin málefnum.

2 b) Hverjir ættu að þínu mati að standa fyrir fræðslunni?

Langflestir þátttakenda nefndu „Samtökin '78“, eða „fræðsluteymi '78“ sem fyrsta kost til þess að standa fyrir fræðslu fyrir fagaðila um ofbeldi í nánnum samböndum hinsegin fólks, enda eru samtökin „með brjálæðislega öflugt fræðslustarf og ég treysti þeim fyllilega“ segir einn þátttakenda. „S'78 hafa góða reynslu og möguleikann á að koma fræðslu vel á framfæri“ undirstrikar annar þátttakandi. Sumir nefndu aðkomu fleiri aðila í samstarfi við S'78 líkt og einn lagði til:

*Fræðslubatterí á vegum S'78 og opinberra aðila þar sem öll hinseginfélögin hafa greiðan aðgang að. Samtökin '78, Trans Ísland, Ásar, BDSM, Intersex, Kynís, Landlæknir, Kennarar, Lögreglan, Sjúkraflutningar.*

Greina mátti almenna samþykkt í svörum þátttakenda um að þeir sem færu fyrir fræðslunni væru aðilar með breiða þekkingu á hinseginleika og öðrum „mismunarbreytum“ sem móta stöðu fólks, svo sem kyn, kynhneigð, kynvitund og -tjáning en einnig stétt, uppruni, fötlun o.s.frv. „Eina fagfólkið sem ég treysti til að meðhöndla slík mál [fræðslumál] eru hinsegin fagaðilar“ segir einn þátttakenda.

Þátttakendur almennt kölluðu því eftir fagaðilum úr eigin röðum þannig að mótun og miðlun fræðslu sé byggð á reynslu þess hóps sem fjallað er um og þekkja eigin reynsluheim:

*Birtingarmyndir ofbeldis í hinsegin samböndum eru oft ólíkar þeim í gagnkynja samböndum, svo sem að hóta að "outa" viðkomandi við fjölskyldu og vinum eða að gatekeepa aðgengi að hinsegin samfélaginu. Mín reynsla er sú að fólk er verulega illa að sér um tölfræði og birtingarmyndir ofbeldis í hinsegin samfélaginu, jafnvel meðal fagfólks.*

Þekking utanaðkomandi fagaðila almennt er, líkt og sjá má í tilvísuninni, skammt á veg komin, sem skerðir hæfi þeirra til aðkomu að mótun og miðlun fræðslu.

Frekari fræðsla, og kannski á seinni stigum, „gæti verið hluti af námsskrá á brautum fyrir ólíkar fagstéttir, og þá kennararnir sem fjalla um þetta“ leggur einn þátttakandi til og aðrir benda á mikilvægi þess að „öll samtök og úrræði gætu sótt námskeið á vegum samtakanna“.

*Annar möguleiki að Samtökin halda námskeið, gera kynningarmyndband sem er sent á stéttarfélag/fagfélag, halda kynningu á stórum málþingum ólíkra fagstétta sem taka á móti polendum ofbeldis, eða eitthvað í þá áttina.*

Miðlun efnis meðal allra, frá skólum til fagstétta, er þannig nauðsynleg að mati þátttakenda en gerð fræðsluefnisins sjálfs þarf að byggja á reynslu og þekkingu hinsegin samfélagsins.

3. Að lokum, getur þú nefnt dæmi um úrræði eða aðgerðir sem þú telur að myndu nýtast hinsegin þolendum sem skortir í dag?

Í svörum þátttakenda við spurningunni kom skýrt fram hversu mikil þörfin er á þjónustu og úrræðum fyrir þolendur ofbeldis í nánum hinsegin samböndum, „það vantar bókstaflega allt“ segir einn þátttakenda. Skrefin sem þarf að taka til þess að mæta þörfinni eru mörg. „Það vantar vitundarvakningu“ segir einn og vísar í þekkingarleysið sem ríkir um málefni ofbeldis í nánum samböndum hinsegin fólks. „Það vantar hinseginvæna orðræðu“, segir annar, en líkt og áður kom fram stendur heterónormatív sýn, viðhorf og orðræða í vegi fyrir jöfnum möguleikum allra þeirra sem verða fyrir ofbeldi í nánum samböndum að sækja sér hjálp.

Leiðin að „hinseginvænni aðstoð“ eða „hinseginvænni þjónustu“ byggir að mati þátttakenda á „vitundarvakningunni“, eða upplýstri sýn á hinsegin samfélagið, náin sambönd og birtingarmyndir ofbeldis. Með fræðslu og „betra viðmóti aðila sem eiga að vera viðbragðsaðilar (lögregla og aðrir fagaðilar)“, er hægt að útvíkka og aðlaga þá þjónustu sem þegar er fyrir hendi að hinsegin fólki eða „bara betrumbæta það sem til er – og virkar“ svo notuð séu orð eins þátttakanda. Í því samhengi var kallað eftir „betri þjálfun“ fagaðila sem felst t.d. í „námskeiðum um hinsegin málefni [sem] hluti af námi lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, félagsráðgjafa etc. og þeim námskeiðum ljúki með prófum“. Sérstaklega var minnst á að það þurfi að „þjálfra betur þá aðila sem taka við fólki sem eru að leita til kerfisins í fyrsta sinn“.

Þá kom fram þörfin á „bættri og niðurgreiddri sálfræðiþjónustu“ fyrir fólk sem verður fyrir ofbeldi í nánum samböndum. Greitt aðgengi að sálfræðingum er talið mikilvægt og niðurgreiðsla á þjónustunni nauðsynleg til þess að tryggja jafnt aðgengi allra að þjónustunni, þvert á stöðu og fjárhag. Til þess að auðvelda aðgengi að þeirri þjónustu sem fyrir hendi er, leggur einn þátttakandi til að útbúin verði sérstök skrá: „Ég myndi vilja getað nálgast lista yfir „hinseginvæna“ fagaðila“.

Þá var kallað eftir „jafningjastuðningshópum [...] svipað og sjúk ást“, eða hópum þar sem hinsegin fólk getur hist, leitað til og rætt náin sambönd og ofbeldi á jafningjagrundvelli. Slíkur jafningjastuðningshópur getur verið „skjól sem hægt er að leita til“ á erfiðum stundum, og vettvangur til þess að deila reynslu, veita og fá stuðning og ábendingar um frekari aðstoð.

Loks kom fram, að á erfiðustu stundum er „ekkert skjól“ eða „úrræði í dag sem [hægt sé] að leita til ef [fólk verður] fyrir heimilisofbeldi“. Þörfin á „neyðarhúsnæði“ er mikil segja þátttakendur, með vísan í dæmi um gróft heimilisofbeldi. Úrræði á borð við kvænnaathvarfið

eru ekki til staðar fyrir hinsegin fólk í dag. Einn þátttakandi vísaði einnig til annars konar úrræða fyrir fólk í neyð sem eru yfirleitt kynjuð og gagnast ekki öllu hinsegingfólki: „Hinseginkot, í ætt við konukot, gæti mögulega gagnast fyrir þolendur sem falla ekki inn í kynjakassann sem núverandi úrræði setja“, lagði þátttakandinn til sem lausn á þessum vanda.

## HEIMILDIR

Albanesi, C., Tomasetto, C. og Guardabassi, V. (2021). Evaluating interventions with victims of intimate partner violence: a community psychology approach. *BMC Womens Health*. Apr 6;21(1), 138.

Campbell, J.C. (2002). Health consequences of intimate partner violence. *The Lancet* 359(9314), 1331-1336.

Donovan, C. og Barnes, R. (2019). Domestic violence and abuse in lesbian, gay, bisexual and/or transgender (LGB and/or T) relationships. *Sexualities*, 22(5-6), 741-750.

Ford-Gilboe, M., Wathen, CN., Varcoe, C. o.fl. (2016) Development of a brief measure of intimate partner violence experiences: the Composite Abuse Scale (Revised)—Short Form (CASR-SF). *BMJ Open*.

Idriss-Wheeler, D., El-Khatib, Z. og Yaya, S. (2022). Access to support services for individuals who experience intimate partner violence during stressful life events (SLEs) in high-income countries: Protocol for a scoping review. *PLoS One*. Dec 8;17(12), e0277903.

Machado A., Sausa C., og Cunha O. (2024). Bidirectional Violence in Intimate Relationships: A Systematic Review. *TRAUMA, VIOLENCE, & ABUSE 2024*, Vol. 25(2) 1680–1694.

McCarry, M., Hester, M. og Donovan, C. (2008) Researching Same Sex Domestic Violence: Constructing a Survey Methodology. *Sociological Research Online* 13(1)8

Ragný Þóra Guðjohnsen, Hans Haraldsson, Ólöf Ragna Einarsdóttir og Unnar Geirdal Arason (2023). *Íslenska æskulýðsrannsóknin: Farsældarvísar vor 2023* Reykjavík: Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.

Rakovec-Felser, Z.(2014). Domestic Violence and Abuse in Intimate Relationship from Public Health Perspective. *Health Psychology Research*. 2(3):1821.

Reuter, T.T., Newcomb, M.E., Whitton, S.W. og Mustanski, B. (2017). Intimate partner violence victimization in LGBT young adults: Demographic differences and associations with health behaviors. *Psychology of Violence* 7(1), 101-109.

Reykjavíkurborg (2018). Skýrsla starfshóps sem á að finna leiðir til að sporna gegn heimilisofbeldi sem hinsegin fólk verður fyrir. Reykjavíkurborg.

Sólrún Sesselja Haraldsdóttir (2021). Hinsegin ungmenni í grunnskólum á Íslandi: Einkenni þunglyndis og kvíða, öryggi í skóla og félagslegur stuðningur. (MA-ritgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands.

SP (e.d.). What is domestic abuse? <https://www.un.org/en/coronavirus/what-is-domestic-abuse>

Thompson, MP., Basile, KC., Hertz, MF. og Sitterle, D. (2006) *Measuring Intimate Partner Violence Victimization and Perpetration: A Compendium of Assessment Tools*. Atlanta (GA): Centers for Disease Control and Prevention, National Center for Injury Prevention and Control, 2006.

Pórhildur Gyða Arnarsdóttir (2022). Feðraveldishugmyndir: Umfang og birtingarmyndir feðraveldishugmynda hér á landi meðal ungmenna og ofbeldi í nánnum samböndum. (MA-ritgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands.

WHO (2021). *Violence against women*. [https://www.who.int/health-topics/violence-against-women#tab=tab\\_1](https://www.who.int/health-topics/violence-against-women#tab=tab_1)